



RÁÐ Í TÍMA

Ragnheiður Þórðardóttir

2011

MPH Lýðheilsufræði

Höfundur: Ragnheiður Þórðardóttir:

Kennitala:040167-3079

Leiðbeinendur: Bryndís Björk Ásgeirsdóttir

Berglind Guðmundsdóttir

Kennslufræði- og lýðheilsudeild

School of Health and Education

Formáli

Þetta lokaverkefni er 30 eininga meistaraþrófsritgerð (MPH) í Lýðheilsufræði við Kennslu- og lýðheilsufræðideild Háskólans í Reykjavík. Leiðbeinendur mínir voru dr. Bryndís Björk Ásgeirsdóttir og dr. Berglind Guðmundsdóttir. Lokaverkefnið byggir á niðurstöðum rannsókna á innleiðingu forvarnarefnisins Örugg saman (Safe Dates). Þetta forvarnarnámsefni var fengið að láni frá Bandaríkjunum og fæst við viðhorf og hegðun sem tengist ofbeldi í samböndum og samskiptum ungs fólks. Námsefnið sem byggir á níu kennslustundum hefur verið kennt í lífsleiknitímum hjá 8.-10. bekk í tveimur grunnskólum hér á landi auk þriðja skólans sem fléttaði hluta efnisins inn í námskrá í lífsleikni.

Tekin voru viðtöl við kennara áður en námsefnið var kennt og eftir kennslu. Fyrst og fremst voru kannaðir þættir eins og viðhorf til viðfangsefnisins, þekking á viðfangsefninu og kennslufyrirkomulag. Ennfremur voru unglingar í 10. bekk fengnir í rýnihópa og sömu þættir kannaðir hjá þeim og kennurunum. Lögð var áhersla á að fá fram viðhorf þeirra og upplifun á námsefninu. Markmið þessa lokaverkefnis er að kanna upplifun kennara og nemenda á forvarnarefninu Örugg saman sem fæst við viðhorf og hegðun sem tengist ofbeldi í samböndum og samskiptum ungs fólks.

Ég vil sérstaklega þakka leiðbeinendum mínum, dr. Bryndísi Björk Ásgeirsdóttur, lektor við sálfræðisvið Háskólans í Reykjavík og dr. Berglinni Guðmundsdóttur, sálfræðingi hjá Landspítalanum fyrir góða leiðsögn, mikla aðstoð og faglega ráðgjöf. Eiginmanni mínum, Árna Helgasyni og sonum okkar, Þórði Arnari og Árna Daníel langar mig að þakka fyrir aðstoð og mikla þolinmæði í minn garð. Einnig vil ég þakka móður minni Jósefinu Friðriksdóttur fyrir góða aðstoð og hjálpsemi. Að lokum vil ég þakka Birnu Baldursdóttur, aðjúnkt hjá Háskólanum í Reykjavík fyrir stuðning í náminu.

Útdráttur

Markmið þessa lokaverkefnis var að kanna upplifun kennara og nemenda á forvarnarefninu *Örugg saman* sem kennt var í þremur skólum hér á landi. Tekin voru viðtöl við kennara og einnig voru nemendur í 10. bekk fengnir í rýnihópa. Áhersla var lögð á að skoða þætti eins og þekkingu á viðfangsefninu og viðhorf til þess hjá kennurunum, bæði fyrir og eftir kennslu og hvernig kennslan gekk. Hjá nemendum var skoðað hvaða þekkingu, viðhorf og skilning þeir hafa á ofbeldi í nánnum samböndum og hvernig þeim fannst forvarnarefnið og kennslan á því vera. Helstu niðurstöður sýndu að viðmælendur voru almennt sammála um að forvarnarefni séu nauðsynleg til að fræða nemendur um ofbeldi í nánnum samböndum og hvað góð sambönd fela í sér. Það komu hins vegar upp ýmsar vangaveltur um það hvort hægt væri að stytta efnið til að það félli betur inn í þær 40 mínútna kennslustundir sem kennarar hafa hér á landi.

Nemendur voru að stærstum hluta ánægðir með kennslu efnisins og töldu margt sem þar kom fram hafa vakið þá til umhugsunar. Einnig bentu þeir á þætti sem þeir vissu ekki fyrir sem þeir gætu nýtt sér í samböndum síðar meir. Niðurstöður viðtala gáfu til kynna að þetta forvarnarefni virðist henta vel og vera mikilvægt efni fyrir grunnskóla og jafnvel víðar. Mikilvægt er að taka tillit til ábendinga um þætti sem megi þróa betur eða bæta í verkefninu svo það henti betur í íslenskum aðstæðum

Abstract

The aim of this MPH thesis is to evaluate the implementation of the preventative program Safe Dates that was implemented in three elementary schools in Iceland. Teachers were interviewed and students in 10th grade discussed their views in a focus group. The emphasis of the discussions and interviews was on the teachers' familiarity with the subject and their perspectives before and after they taught the subject and on how the teaching itself had been accepted in their opinion. The students were also asked to what extent they were familiar with the subject of violence in relationships and how they did find the preventative program and the teaching of it. The main findings are that everyone agrees that preventative programs are necessary to educate students on violence in relationships and to elucidate what constitutes a good relationship. There were concerns that the course was too long and needed adapting to the 40 minutes teaching hour in Iceland.

The students were mostly content with how the subject was taught and claimed it was thought provoking. They also said that a several points had been raised during the course that they had been unaware of and would be helpful in their own relationships in the future. The conclusion is that a preventative program similar to Safe Dates seems useful and applicable and should be taught in all Icelandic elementary schools and maybe at other levels as well. It is, however, important to take heed to concerns raised about the need to adapt the program to Icelandic circumstances.

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Formáli | 2 |
| Útdráttur | 3 |
| Abstract | 4 |
| Efnisyfirlit | 5 |
| 1. Inngangur | 6 |
| 1.1 Ofbeldi í nánnum samböndum | 6 |
| Andlegt ofbeldi | 7 |
| Líkamlegt ofbeldi | 7 |
| Kynferðisofbeldi | 8 |
| Heimilisofbeldi | 9 |
| 1.2 Algengi ofbeldis í nánnum samböndum á Íslandi | 9 |
| 1.3 Sambönd ungmenna | 10 |
| 1.4 Forvarnarverkefnið Örugg saman (Safe Dates) | 13 |
| 1.4.1 Erlendar rannsóknir á Safe Dates | 21 |
| 2. Aðferðir | 23 |
| 2.1 Markmið og rannsóknarspurning | 23 |
| 2.2 Rannsóknaraðferð | 23 |
| 2.3 Þátttakendur rannsókna | 24 |
| 2.4 Viðtalsrammi | 25 |
| 2.5 Framkvæmd | 26 |
| 2.6 Gagnaöflun, úrvinnsla og greining gagna | 26 |
| 3. Niðurstöður | 27 |
| 3.1 Þekking og viðhorf fyrir kennslu | 27 |
| 3.2 Kennslan | 31 |
| 3.3 Þekking og viðhorf eftir kennslu | 36 |
| 3.4 Rýnihópar með nemendum | 39 |
| 3.4.1 Svör stelpnanna | 40 |
| 3.4.2 Svör stráka | 43 |
| 4. Umræður | 46 |
| 5. Lokaorð | 51 |
| 6. Heimildaskrá | 54 |
| Viðauki | 59 |

1. Inngangur

1.1 Ofbeldi í nánnum samböndum

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni er ofbeldi alþjóðlegt heilbrigðisvandamál. Þetta kemur fram í skýrslu sem kom út árið 2002 og heitir *The world report on violence and health* (Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin; WHO, 2002).

Þessi skýrsla er afrakstur þriggja ára vinnu þar sem að málinu komu 160 sérfræðingar frá meira en 70 löndum. Í skýrslunni eru heimsþjóðir hvattar til að efla forvarnir gegn ofbeldi og flétta þær inn í mennta- félags- og heilbrigðiskerfi sín. Með því móti geti þær aukið jafnrétti þegnanna, jafnt á sviði félagsmála sem og milli kynja (Krug, Mercy, Dahlberg og Zwi, 2002).

Þar kemur einnig fram að alþjóðlegar rannsóknir á ofbeldi gegn konum hafa að mestu fjallað um líkamlegt ofbeldi vegna þess að auðveldara er að skilgreina það og mæla en annað ofbeldi (Krug o.fl., 2002). Sumir rannsakendur hafa viljað nota hugtakið ofbeldi gegn konum (e. violence against women) um ofbeldi í nánnum samböndum. Konur er oftast þolendur ofbeldis í nánnum samböndum (Tjaden og Thoennes, 2000).

Dæmi eru þó þess að karlar séu einnig þolendur (Ingólfur V. Gíslason, 2008) og hugtakið ofbeldi gegn konum útilokar þá. Ofbeldi í nánnum samböndum snýst um ofbeldi í parasamböndum og því er ekki hægt að gera fyrirfram ráð fyrir því hverjir eru þolendur og hverjir eru gerendur (Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir, 2010).

Flestar kannanir benda til þess að algengara sé að karlar beiti konur ofbeldi í nánnum samböndum og að það sé alvarlegra heldur en það ofbeldi sem konur beita karla (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Talið er að um það bil einn þriðji kvenna í heiminum upplifi ofbeldi í nánnum samböndum (Ruiz-Péres o.fl., 2007) Skilgreining WHO (2002) á ofbeldi í nánnum samböndum er að það sé ákveðin hegðun sem getur valdið sálrænum, líkamlegum eða kynferðislegum skaða (WHO, 2002).

Það er mikilvægt að átta sig á ofbeldi og hinum ýmsu birtingarmyndum þess til að geta tekist á við það og vonandi upprætt það með öllu (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Ingólfur V. Gíslason (2008) skilgreinir ofbeldi í nánnum

samböndum í nokkra flokka. Hér verður fjallað um andlegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi og kynferðisofbeldi.

Andlegt ofbeldi

Algengasta birtingarmynd ofbeldis er andlegt ofbeldi. Andlegt ofbeldi getur falið í sér mikla niðurlægingu fyrir þolandann (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Markmið gerandans er þá að reyna að ná stjórn á eða ná völdum yfir maka. Það getur verið mjög margt sem er niðurlægjandi til dæmis hárbeittar athugasemdir og stöðugar ógnanir eða hótanir. (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

Einnig flokkast það undir andlegt ofbeldi ef þolandi er einangraður með því að honum er neitað að fara eitthvað með fjölskyldu eða vinum. Þvinganir til ákveðinna athafna og jafnvel ásaknir um geðveiki er einnig ein mynd andlegs ofbeldis (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

Andlegt ofbeldi getur verið mjög lúmskt og hefur oft viðgengist í mörg ár án þess að líkamlegu ofbeldi sé einnig beitt en það er mjög algengt að andlegt ofbeldi leiði með tímanum til líkamlegs ofbeldis (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Sýnt hefur verið fram á að algengt er að þolendur séu líka beittir andlegu ofbeldi samfara líkamlegu ofbeldi eða sem undanfari (Renner, 2009).

Líkamlegt ofbeldi

Líkamlegt ofbeldi er líklega sú tegund ofbeldis þar sem flestum dettur í hug líkamlegar barsmíðar til að skaða aðra manneskju (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Dæmi eru um að þolendur líkamlegs ofbeldis séu brenndir, sveltir, hent í þá hlutum, rasskelltir, eða hellt yfir þá vatni. Stundum eru þeir bundnir, stungnir eða jafnvel drepnir (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

Einkenni líkamlegs ofbeldis er oft þannig að gerandinn lemur á þeim stöðum sem eru huldir þegar þolandi fer út á meðal fólks. Það er þó ekki algilt, stundum vilja gerendur að það sjáist að þolandi hefur verið barinn (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

Kynferðisofbeldi

Þótt engin ein skilgreining sé til um hvað kynferðisofbeldi er, er það engu að síður alþjóðlegt vandamál sem finna má í hvaða samfélagi sem er (Krug o.fl., 2002). Skilgreining WHO (2002) sem birt er í skýrslu Krug og félaga (2002) er nokkuð víð og í henni segir að „kynferðislegt ofbeldi sé hvers konar kynferðislegt athæfi, tilraun til að koma á kynferðislegri athöfn, óvelkomnar kynferðislegar athugasemdir eða þreifingar, eða atvik sem fela í sér verslun með kynlíf eða aðra háttsemi sem beint er gegn manneskju á kynferðislegan og þvingandi hátt af hendi annarrar manneskju óháð sambandi hennar við þolandann, í hvaða aðstæðum sem er, þar með talið en ekki einskorðað við heimili eða vinnustað“ (Krug o.fl., 2002, bls. 149).

Krug o.fl. skilgreina kynferðisofbeldi nánar í skýrslunni og segja að einnig geti það falist í annars konar ofbeldi, s.s. að kynfæri snerti leggöng, munn eða endaparm þolanda. Skilgreining Kilpatrick, Saunders og Smith (2003) um kynferðisofbeldi er í samræmi við skilgreiningu Krug's og félaga (Kilpatrick o.fl., 2003).

Alls staðar í heiminum er ofbeldi í nánnum samböndum alvarlegt vandamál sem eitrar út frá sér (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Þeir sem verða fyrir ofbeldi búa við skert lífsgæði og möguleikanum til betra lífs. Enginn ætti að þurfa að búa við slíkt og því er það á ábyrgð allra þjóðfélagsþegna að reyna að sporna við því.

Með rannsóknum á þolendum ofbeldis er hægt að opna umræðuna og benda á það hvernig hægt er að þekkja helstu einkenni ofbeldis. Fagfólk er í betri aðstöðu til að benda á einkenni ofbeldis og geta boðið aðstoð. Það þarf að upplýsa þolendur um að þeir geti leitað sér hjálpar og að ástand sem þetta sé alls ekki eðlilegt (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

Góður undirbúningur í námi hlýtur að vera ein af undirstöðum þess að vel takist til í vinnu fagfólks (Valgarður Reynisson, 2007). Fagfólk þarf að hafa góða þekkingu til að vera í aðstöðu til að veita og meta áhrif og afleiðingar ofbeldis á einstaklinga. Árið 2007 fól Barnaheill Valgarði Reynissyni að gera úttekt á kennsluháttum í íslenskum háskólum á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.

Niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós að alls fjalla 32 námskeið í íslenskum háskólum að einhverju leyti með beinum hætti um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum (Valgarður Reynisson, 2007). Í sumum námskeiðum er fjallað um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í eina kennslustund, á meðan önnur fjalla um

kynferðislegt ofbeldi gegn börnum frá ýmsum öðrum hliðum til dæmis barnavernd.

Í könnuninni var komið með margar tillögur til úrbóta varðandi kennslu af þessu tagi í háskólum með von um að hún vekji forsvarsmenn viðkomandi deilda í háskólum til umhugsanar um áherslu og kennsluhætti varðandi ofbeldi á börnum ekki síst kynferðislegt ofbeldi. Það myndi þá leiða til þess að kennsla í þessum málaflokki verði eflað þar sem þörf er á (Valgarður Reynisson, 2007).

Síðustu tvo áratugi hafa vísindamenn bætt verulega við þekkingu á ofbeldi í samböndum (Lewis og Fremouw, 2001). Svo virðist sem ofbeldi sé meira meðal sambúðarfólks heldur en hjá þeim sem búa ekki saman (Lewis og Fremouw, 2001).

Sambúðarfólk er líklega til að hegða sér verr gagnvart hvort öðru og sambúðin getur líka orðið til þess að einstaklingar einangrast og leita sér ekki hjálpar (Lewis og Fremouw, 2001).

Heimilisofbeldi

Ein birtingarmynd ofbeldis í nánnum samböndum er heimilisofbeldi og vísar þá gjarnan til þess og felur í sér ofbeldi á milli maka á heimili þeirra eða innan fjölskyldu. Það sem hefur verið gagnrýnt við þetta er að athyglin beinist eingöngu að sambandi milli fullorðinna (Bogat o.fl., 2005).

Það er oft talað um ofbeldi heima fyrir sem einkamál eða heimiliserjur en sé það utan heimilis þá er það líkamsárás. Hugsanlega hafa tengsl á milli gerenda og þolenda mikið að segja þar um því að það eru á því meiri líkur að ofbeldið sé umborið eftir því sem tengslin eru nánari (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1997).

1.2 Algengi ofbeldis í nánnum samböndum á Íslandi

Þar sem talið er að konur séu oftar fórnarlömb ofbeldis en karlar í nánnum samböndum þá hafa rannsóknir frekar beinst að þeim. Hér á landi er staðan ekki öðruvísi en annarsstaðar í heiminum og ofbeldi á sér langa sögu (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

Það hafa ekki verið gerðar margar rannsóknir á ofbeldi í nánnum samböndum á Íslandi. Fyrsta íslenska rannsóknin var gerð 1979 og byggði á sjúkraskrá frá slysavarðstofu Borgarspítala. Niðurstöður sýndu að ofbeldi gegn konum var til staðar hér á landi líkt og annars staðar (Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediksdóttir, 1981).

Nýlega kom út hér á landi rannsóknarskýrsla frá Rannsóknarstofnun í barna og fjölskyldunefnd en þeim var falið að gera rannsókn á ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010). Niðurstöðurnar byggja á slembiúrtaki úr þjóðskrá meðal kvenna á aldrinum 18-80 ára, alls staðar af landinu. Niðurstöður sýna að rúmlega 22% kvenna hafa verið beittar ofbeldi í nánnum sambandi einhverntíma frá 16 ára aldri. Af þeim höfðu 67% orðið fyrir ofbeldinu á eða við heimili sitt. Samanborið við konur sem hafa verið beittar ofbeldi einhvern tíma frá 16 ára aldri í Danmörku var það svipað hlutfall eða um 22%. (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010).

Árið 1996 var að frumkvæði dómsmálaráðuneytisins unnin umfangsmikil könnun á eðli og umfangi ofbeldis í nánnum samböndum. Í þessari rannsókn var tekið 3000 manna tilviljunarúrtak úr þjóðskrá. Svarhlutfall var 74% og voru 52,2% svarenda konur og 47,8% karlmenn á aldrinum 18-65 ára (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1997). Ingólfur V. Gíslason (2008) vann fræðslurit fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið fyrir ýmsar fagstéttir, og byggði það að hluta til á rannsókninni sem gerð var fyrir Dómsmálaráðuneytið (1996).

Niðurstöður Ingólfs sýna fram á að líkamlegt ofbeldi gegn konum hafði ekki aukist mikið á milli þessara tveggja kannana. 29% kvenna höfðu verið beittar líkamlegu ofbeldi í könnuninni 1996 en 30% í könnuninni 2008 (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010).

1.3 Sambönd ungmenna

Á unglingsárunum feta flestir sín fyrstu skref í nánnum samböndum við hitt kynið. Ungmennin reyna gjarnan hversu langt þau komast með ýmis konar hegðun (Mignon, Larson og Holmes, 2002). Þess vegna eru unglingsárin besti tíminn til að skapa heilbriggt og jákvætt mynstur í samböndum (Ulloa, Jaycox, Marshall og Collins, 2004). Ungmennin verða að læra að þekkja ofbeldishegðun í samböndum,

til dæmis barsmíðar, yfirgangssemi og misnotkun rétt eins og þau verða að læra hvað eru heilbrigð sambönd (James, West, Deters, og Armiljo, 2000). Ofbeldi í samböndum ungmenna getur valdið miklum skaða og haft neikvæð áhrif og alvarlegar afleiðingar á heilsu þeirra (Acard og Neumark-Sztainer, 2002). Afleiðingarnar geta brotist út í sálrænum afleiðingum eins og átröskun eða þunglyndi (Landlæknir e.d., 2009). Meiri hættu er á að þeir leiðist út í vímuefnanotkun og/eða áfengisneyslu (Landlæknir e.d., 2009). Þau ungmenni sem hafa reynslu af ofbeldissamböndum er líklegri til að lenda í slíkum samböndum aftur á fullorðinsárum (Werkerle og Wolfe, 1999).

Það er ekki langt síðan rannsakendur fóru að skoða ofbeldi í samböndum ungmenna (James, West, Deters og Armijo, 2000). Rannsóknir sem beinst hafa að ofbeldi í samböndum eiga langoftast við um sambönd fullorðinna eða háskólastúdenta. Ofbeldi í samböndum ungmenna er vandamál, ekki eingöngu vegna líkamlegra og andlegra áverka (Callahan, Tolman og Saunders, 2003), heldur einnig vegna þess að á þessum tíma eru ungmenni að byrja í nánnum samböndum og ofbeldishegðun er eitthvað sem getur fylgt þeim fram á fullorðinsár (Werkerle og Wolfe, 1999).

Það er ekki nákvæmlega vitað um fjölda þeirra ungmenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í samböndum. Þó sýna niðurstöður úr rannsókn Whitaker og féлага að allt að 20-46% ungmenna hafa orðið fyrir ofbeldi í nánnum samböndum (Whitaker o.fl., 2005). Í annarri rannsókn hefur einnig verið bent á að ungmenni á aldrinum 16-24 ára hafi hæsta tíðni sem fórnarlömb í samböndum (Ulloa, Jaycox, Marshall og Collins, 2004).

Samkvæmt niðurstöðum úr rannsókn Jaycox og féлага (2006) sem gerð var á nemendum í Los Angeles kom í ljós að 16-26% bandarískra nemenda höfðu orðið fyrir ofbeldi á stefnumóti. Á meðal háskólastúdenta voru um 9% stelpna og stráka sem höfðu lent í því að vera lamin að ástæðulausu á stefnumóti. Hærra hlutfall var á meðal stúdentum af spænskum uppruna en á meðal hvítum eða 9,3% á móti 7%. Hjá þeim unglingsstúlkum sem höfðu haft kynmök jókst hlutfallið upp undir 20%. Fórnarlömb ofbeldis í samböndum voru í meiri hættu hvað varðar fíkniefnaneyslu, óheilbrigða þyngdarstjórnun, verri heilsu, áhættukynlíf, verða barnshafandi og til sjálfsvígshugsana. Niðurstöður gefa til kynna að mikilvægt sé að kenna forvarnarefni gegn ofbeldi í samböndum (Jaycox o.fl., 2006).

Rannsóknir hafa sýnt að unglingar geta haft aðra og óljósari sýn á ofbeldi heldur en fullorðnir. Þeir sjá tiltekið atvik kannski sem eðlilegt þegar fullorðnir myndu telja það til ofbeldis (Landlæknir e.d., 2009). Í rannsókn Ackard og Neumark-Sztainer (2002) þar sem þau könnuðu ofbeldi í samböndum á meðal 81.247 framhaldsskólanemenda í Minnesota kemur fram að 9% stúlkna og 6% drengja höfðu orðið fyrir ofbeldi í samböndum eða nauðgun (Acard og Neumark-Sztainer, 2002). Niðurstöður þeirra benda einnig á að þeir sem höfðu lent í ofbeldi eða orðið fyrir nauðgun í samböndum eru líklegri til að þróa með sér átröskunarhegðun, sjálfsvígshugsanir og sjálfsvígstilraunir heldur en þeir sem höfðu ekki verið í ofbeldissamböndum (Acard og Neumark-Sztainer, 2002).

Samkvæmt rannsókn Donnu Howard o.fl. (2003) kom í ljós að þær stúlkur sem voru í góðu sambandi við foreldra sína voru síður líklegar til að lenda í ofbeldissamböndum og einnig líklegri til að leita sér hjálpar vegna vandamála í nánnum samböndum samanborið við þær stúlkur sem voru í slæmu sambandi við foreldrana (Howard og Wang, 2003). Aðrar rannsóknir sýna einnig að ill meðferð foreldra á börnum sínum til dæmis líkamlegt ofbeldi, lítil hlýja, lítið traust, lítil nærvera og slæmt eftirlit tengist því að ungmenni eiga í erfiðleikum með heilbrigð, nán sambönd og eru líklegri til að vera með yfirgang við þann sem þau eru í sambandi við (Herrenkohl o.fl.2006, Brendgen 2002).

Með því að þekkja til ofbeldissambanda og bjóða upp á skilvirkt forvarnarstarf sem beinist að ofbeldi í samböndum ungs fólks er hægt að koma í veg fyrir ofbeldi í samböndum seinna meir (Chutter, 2009). Gott forvarnarstarf leiðir ekki aðeins til betra lífs fyrir þann sem hefði getað orðið þolandi ofbeldis í samböndum eða fyrir þann sem hefði getað beitt ofbeldinu. Forvarnarstarfið skilar sér líka áfram til komandi kynslóða sem verndandi þáttur (Chutter, 2009).

Wolfe og félagar (2009) fjalla um í rannsókn sinni hvernig námsefni eins og stærðfræði og bókmenntir er kennt. Börn byrja snemma að læra þessi fög og alltaf bætist við þekkingu þeirra og færni. Ef upplýsingar um sambönd fólks og ofbeldi væri kynnt börnum á sama hátt myndu þau öðlast þekkingu og ná að þróa með sér ákveðið viðhorf gagnvart málefnum sem kynni að koma í veg fyrir ofbeldi síðar á lífsleiðinni (Wolfe, Crooks, Chiodo og Jaffe, 2009).

Það er því mikilvægt að reyna að skilja hvaða skoðanir unglingar hafa og hvernig þeir meta það hvað er ofbeldi. Ljóst er að gott forvarnarnámsefni er talið best til þess fallið til að reyna að fræða þau um ofbeldi í samböndum.

Í næsta kafla verður fjallað um forvarnarnámsefnið *Safe Dates* en ætlunin er að kanna upplifun kennara og nemenda á því efni. Athugað verður mikilvægi fræðslunnar og hvernig gekk að innleiða það í þeim skólum þar sem það hefur nú þegar verið kennt.

1.4 Forvarnarverkefnið *Örugg saman* (Safe Dates)

Lýðheilsustöð í samstarfi við Dr. Berglindi Guðmundsdóttur sálfræðing á Landspítala áttu frumkvæðið á að fá hingað til lands forvarnarnámsefnið *Safe Dates* sem á uppruna að rekja til Bandaríkjanna og er ætlað börnum á mið- og framhaldsskólastigi. Námsefnið var þýtt og lagað að íslensku samfélagi og heitir það *Örugg saman* (Foshee og Langwick, 1994). Höfundar námsefnisins eru Dr. Vangie Foshee og Dr. Stacey Langwick.

Þetta er forvarnarnámsefni sem miðar að ofbeldi í samböndum ungs fólks en einnig er því ætlað að auka þekkingu ungmenna á því hvað góð og heilbrigð sambönd fela í sér (Foshee og Langwick, 1994).

Efnið er byggt upp til að ná til stórra hópa og hentar unglingum af báðum kynjum og fellur vel að námsefni í lífsleikni. Í námsefninu er fjallað um ofbeldi í samböndum og hverjar ástæður og afleiðingar þess eru. Markmiðið er að byggja upp færni hjá nemendum til þess að hjálpa þeim sjálfum eða öðrum sem eru í ofbeldisfullum samböndum og kenna þeim þætti sem eru grunnstoðir góðra sambanda svo sem jákvæðan samskiptamáta, reiðistjórnun og lausnamiðaða nálgun. Þetta forvarnarefni hefur verið notað í nokkurn tíma í Bandaríkjunum með góðum árangri. Það býður upp á stuðning við fórnarlömb og gerendur, lögð er áhersla á að bæði stelpur og strákar geta verið fórnarlömb í samböndum (Foshee og Langwick, 1994).

Þar sem ekki hefur verið kennt forvarnarnámsefni gegn ofbeldi í samböndum hér á landi áður er um að ræða sporgöngurannsókn á þessu sviði (Jenný Ingudóttir, 2010, munnleg heimild).

Meginþættir forvarnarefnisins *Örugg saman* (*Safe Dates*) er níu kennslustundir sem fást við hegðun og viðhorf sem tengjast ofbeldi í samböndum og samskiptum. Þetta eru níu kaflar þar sem nemendum gefst kostur á að svara verkefnum í lok hvers kafla. Hver kennslustund er miðuð við 50 mínútur og fá kennarar möppu

með efninu þar sem hver kafli inniheldur nákvæmar leiðbeiningar um hvernig námsefnið skuli kennt.

- **Kafli 1** er kynning fyrir nemendum hvað eru góð og heilbrigð sambönd og þeir svara verkefnum í tengslum við efnið. Sem dæmi má nefna hvernig þau velja að koma fram ef þau eru í nánu sambandi og hvernig þau vilja að komið sé fram við þau. *Valið* er því rauði þráðurinn í námsefninu. Heimavinnan í tengslum við efni kaflans er að þau íhugi fimm atriði um það hvernig þau myndu koma fram við kærustu eða kærasta. Þau hafa til hjálpar lista yfir atriði sem þeim er frjálst að nota. Í kaflanum eru líka dæmisögur. Í þessum kafla má sjá nokkrar sögur sem nemendur lásu.

Dæmisaga 1 – Sagan af Svenna og Möggu er sláandi lýsing og ein af mörgum sögum sem nemendur lásu.

Svenni bauð nokkrum vinum sínum og kærustunni sinni, Möggu, heim að horfa á bíómynd á föstudagskvöldi. Svenni bað Möggu um að taka til snakk og drykki fyrir gestina. Hún sagði að það væri ekkert mál. Þegar vinir Svenna komu settust þau öll og fóru að horfa á myndina. Þegar einhver var búinn úr glasinu sínu eða snakkið kláraðist sagði Svenni Möggu að fara fram í eldhús og ná í meira. Þegar þetta gerðist í þriðja skiptið sagði Magga að hún kærði sig ekki um að vera þjónustustúlkan þeirra. Hún vildi fá að horfa á myndina og þeir gætu sjálfir farið í eldhúsið og fyllt á skálina eða fengið sér meira að drekka. Svenni varð reiður. Hann skipaði Möggu að ná í drykki fyrir vini sína. Þegar hún neitaði sló Svenni hana í andlitið og dró hana fram í eldhúsið. Vinir Svenna hafa oft séð Svenna og Möggu rífast svona og slást (Foshee og Langwick, 1994).

Hægt er að hafa í huga að þessa sögu er hægt að nota til að draga fram bæði andlegt og líkamlegt ofbeldi.

- **Kafli 2** fjallar um ofbeldisfull sambönd þar sem útskýrt er fyrir nemendum hver er munurinn á ofbeldi og kúgun. Sá sem veit hvernig hann vill láta koma fram við sig á auðveldara með að gera sér grein fyrir því ef eitthvað er óeðlilegt í því sambandi sem hann er í og getur þannig endurmetið sína stöðu og hvort hann vill halda sambandinu áfram. Það er nauðsynlegt að leyfa nemendum að rökræða um hvað er ofbeldi og kúgun. Þarna fá

nemendur líka spurningar um dæmisögu 1 (sjá hér fyrir ofan). Spurningarnar eru á þá leið hvort Svenni beitti ofbeldi þarna? Hvort staðan hefði verið önnur ef hann hefði ekki slegið Möggu en samt reiðst og skipað henni að sækja drykkina. Þegar hún neitaði hefði hann gengið þétt upp að henni og spurt „Hvað sagðirðu?“ og Magga hefði hörfað og orðið hljóð. Hefði það verið ofbeldi eða valdbeiting af Svenna hálfu? Ef þetta hefði verið í fyrsta skipti sem þetta gerðist milli Svenna og Möggu, hefði það samt verið ofbeldi? Þess má geta að dæmisaga 1 er líka heppileg til þess að fá nemendur til að velta fyrir sér muninum á ofbeldi sem verður einu sinni og því sem gerist aftur og aftur.

- **Kafli 3** Skoðað er hvers vegna ofbeldi eða misnotkun á sér stað og settar fram hugmyndir um hvernig hægt er að sporna við því eða koma í veg fyrir það. Þarna er ekki einungis verið að höfða til þolenda í ofbeldissamböndum heldur líka til gerenda þar sem þeir geta séð óeðlilega hegðun sjálfs sín og vakið þá til umhugsunar.

Dæmisaga 2 er góð lýsing á hvers vegna fólk beitir ofbeldi til að stjórna því hvernig einhverjum líður.

Helgi og Elva eru búin að vera saman í mánuð. Á laugardagskvöldi kemur Helgi heim til Elvu og þau eru að fara í bíó. Elva bíður eftir honum í dyrunum í nýjum fötum. Helgi kyssir hana og spyr svo hvort hún ætli ekki að skipta um föt. Elva fer næstum að gráta, hún segir að hún hafi keypt þessi föt einmitt fyrir kvöldið. Helgi andvarpar, klappar henni á öxlina og segir: „Elva, enginn annar myndi þola þetta. Ég veit ekki af hverju ég elska þig svona mikið. Ég þarf að sjá um allt fyrir þig.“ Svo fer hann inn í herbergi Elvu og velur önnur föt á hana (Foshee og Langwick, 1994).

- **Kafli 4** fjallar um hversu erfitt það getur verið að „stíga skrefið“ og losna úr ofbeldisfullum samböndum. Þar kemur einnig fram hvernig hægt er að leita sér hjálpar. Efni kaflans er sett þannig upp fyrir nemendur að þeir séu að hjálpa vini, þannig er vandinn yfirfærður á annan en nemandann sjálfan og auðveldar mörgum að taka þátt. Þannig geta þeir sem eru í ofbeldissambandi og vilja ekki segja neinum frá, fengið hjálp við sín vandamál. Nemendur hlusta á sögu um Maríu og Anton. *María er ofbeldisfull og mjög afbrýðisöm og Anton má ekki svo mikið sem líta á aðrar stelpur. Hann er mjög hrifinn af Maríu og lætur yfir sig ganga að*

hún klípi hann eða lemji. Foreldrar hans höfðu kennt honum að slá aldrei stelpu svo hann reyndi að ýta henni frá sér þegar hún var í ham. Hann reyndi margoft að hætta með henni en hún kom grátandi til hans aftur og afsakaði sig og Anton byrjaði með henni aftur. María útskýrði fyrir honum hvers vegna hún væri svona. Það væri mikið ofbeldi í fjölskyldu hennar. Pabbi hennar slær bæði hana og mömmu hennar og hún sagðist hata hann og ekki vilja vera eins og hann (Foshee og Langwick, 1994).

Nemendur þurfa að meta hvað þeim finnst. Á Anton á að hætta með Maríu eða halda áfram með henni?

- **Kafli 5** er beint framhald af fjórða kafla þar sem nemendur ræða efni dæmisaganna og fara í hlutverkaleiki til að æfa sig í því hvernig þeir myndu hugsanlega hjálpa vini í ofbeldissambandi.

Sagan um Hönnu og Gumma vakti mikla athygli og var mikið notuð í köflunum. Fyrst kemur saga Gumma og svo kemur saga Hönnu.

Ég byrjaði með Hönnu fyrir ári. Hún er tveimur árum yngri en ég. Við kynntumst í boði hjá sameiginlegum vinum. Ég var fimmtán ára og hún þrettán ára. Hanna er ólík öðrum stelpum sem ég hef verið með, hún er mjög metnaðargjörn og foreldrar hennar hvetja hana til að hugsa um framtíðina. Hún er með frábærar einkunnir og langar til þess að verða læknir. Foreldrar hennar leyfa henni ekki að vera á föstu með strákum. Eins og gefur að skilja er ég fyrsti alvöru kærastinn hennar. Þess vegna hef ég þurft að kenna henni margt um það hvernig maður hagar sér þegar maður er á föstu. Stundum gerir hún ótrúlega heimskulega hluti, það er eins og hún hugsar ekki einu sinni. Um daginn labbaði ég til dæmis inn í matsalinn í skólanum og þar sat hún og var að daðra við fullt af strákum! Hún sagði að þetta væru bara vinir sínir. Það, sem hún skilur ekki, er að hlutirnir breytast þegar maður er á föstu. Hún er falleg og ég veit alveg hvað þessir strákar voru að hugsa. Hún þarf að fara að fullorðnast og haga sér eins og kærasta á að haga sér. Ég greip í hana og dró hana fram á gang. Við ræddum aðeins saman og ég sagði henni að ég þyldi ekki að kærastan mín hagaði sér eins og kjáni. Hún fór að gráta. Ég ætlaði ekki að skilja eftir marbletti á handleggnum á henni eða æpa á hana en hún hagaði sér bara svo barnalega. Ég vildi vera viss um að hún skildi að það væri ekki í lagi að daðra svona. Í eitt skiptið gerði hún mig að athlægi

fyrir framan vini mína. Við vorum að tala um körfubolta og ég var að segja þeim frá frábærum leik hjá mér daginn áður. Það var geðveikt góður leikur. Hanna hafði horft á leikinn. Meðan ég var að segja frá leiknum fór hún að flissa og sagði vinum mínum að þetta væru nú svolitlar ýkjur hjá mér. Ég varð ekkert smá vandræðalegur. Ég sagði henni að hún vissi ekkert um körfubolta og þess vegna ætti hún að þegja. Sem hún og gerði. Þegar við vorum ein baðst ég afsökunar á því að hafa orðið svona reiður en útskýrði fyrir henni að hún mætti bara ekki lítillækka mig svona frammi fyrir vinum mínum. Ég er mjög hrifinn af Hönnu. Það er samt erfitt að vera með stelpu sem er svona ung. Maður þarf að kenna þeim allt. Hanna lítur upp til mín. Hún er smám saman að átta sig á að spyrja mig fyrst hvernig á að haga sér frekar en að láta eins og krakki og gera bara það sem henni sýnist. Í gær gerði hún mig samt þvílíkt reiðan. Hún sagðist ætla að vera heima eftir skólann og ég kom við hjá henni því ég vissi að báðir foreldrar hennar væru að vinna fram eftir. Hún hlýtur að hafa gleymt því að hún sagðist verða heima því hún hafði farið til vinkonu sinnar. Hún svaraði ekki þegar ég hringdi í farsímann hennar og ekki heldur sms-um sem ég sendi henni. Ég beið eftir henni í tvo tíma. Þegar hún loksins kom heim var ég orðinn brjáláður. Hún var alveg hissa á mér og það espaði mig enn meira. Ég spurði hana af hverju hún hefði ekki svarað í símann eða sent mér sms. Hún sagðist hafa gleymt símanum sínum heima. Svo sagði hún að ég skyldi fara heim og reyna að slaka á svo við gætum rætt þetta síðar í rólegheitum. Þá varð ég svo reiður að ég kýldi hana. Hún er öll bólgin vinstra megin í andlitinu. Mér líður auðvitað mjög illa út af þessu en af hverju getur hún ekki lært? (Foshee og Langwick, 1994).

Saga Hönnu: Ég byrjaði að vera með Gumma fyrir ári. Hann var svo ljúfur og blíður þegar við kynntumst. Vá, og hann var svo rómantískur líka. Ég varð strax ástfangin. Ég var þrettán ára og hann fimmtán. Það var alltaf svo rómantískt þegar við hittumst. Hann skrifaði mér yndisleg ástarbréf, þetta var svo dásamlegt. Foreldrar mínir vita ekki um Gumma. Reyndar má ég ekki vera á föstu með stráku. En Gummi var svo ýtinn og ákveðinn og mér leið svo vel að það væri einhver svona hrifinn af mér. Ég varð samt að fara á bak við foreldra mína. Það hefur ekki verið

skemmtilegt eða auðvelt. En Gummi hjálpaði mér með það. Foreldrar mínir hafa ekkert fengið að vita um sambandið. Mér líður hálfilla að fara svona á bak við þau en Gummi segir að þetta sé nú ekkert mál. Hann er fyrsti strákurinn sem ég er með. Það er frábært að eiga kærasta. Það er eins og allir beri meiri virðingu fyrir mér. Hann er svo sterkur og getur verið rosalega harður af sér. Hann hefur margoft sagt að hann sé viss um að allir í skólanum vilji vera með mér. Hann segir að hann sé ástfanginn og vilji eiga mig alla sjálfur. Fyrstu vikurnar gátum við varla slitið okkur hvort frá öðru, við bara smellpössuðum saman. Krakkarnir í skólanum voru hálfhissa á að við Gummi skyldum ná saman. Þeim fannst að hann væri ekki mín týpa. Gummi er töluvert skapmikill. Þegar hann er í vondu skapi reyni ég að vera ekki fyrir honum. Yfirleitt gengur það vel. Ef ég get bara látið vera að pirra hann þá gengur allt vel. Gallinn er að hann verður afbrýðisamur út í alla. Stundum finnst mér að hann haldi að hann eigi mig. Þegar við vorum að byrja að vera saman fannst mér frábært að hann vildi alltaf vera með mér en svo fór það að verða þannig að ég mátti ekki vera með öðru fólki eða nokkurs staðar án hans. Þegar ég er ekki með honum hringir hann eða sendir sms á tveggja mínútna fresti, eða þannig. Ef ég svara honum ekki verður hann mjög reiður. Stundum slekk ég á símanum og segi að hann hafi orðið batteríslaus eða eitthvað. Hann vill ekki að ég tali við neina aðra stráka. Ég á fullt af strákavinum. Þeir hafa verið vinir mínir lengi og ég vil ekki missa þá. Ég er alltaf að segja Gumma að ég elski hann og að hann sé eini strákurinn sem ég vil vera með. Ég reyni að sýna honum að hann sé mér mikilvægari en allir aðrir. Við höfum meira að segja rætt um að eyða allri ævinni saman. Stundum getur hann verið ógurlega harður af sér en stundum er hann rosalega óöruggur með sig. Í frímínútum um daginn vorum við til dæmis að spjalla við fullt af vinum okkar á ganginum. Gummi var að monta sig af hvað hann væri góður í körfubolta. Hann er svo mikil dúlla en stundum þarf hann aðeins að ýkja svo ég flissaði aðeins þegar hann var í miðri frásögninni. Sennilega hefði ég ekki átt að flissa en þetta var nú ekkert stórmál. Nema hvað, hann öskraði á mig og sagði mér að þegja. Hann niðurlægði mig alveg rosalega og ég varð ofsalega sár og reið. Það er eins og hann vilji sýna vinum sínum að hann ráði. Í gær var það samt

verra. Hann hefur öskrað á mig en aldrei slegið mig. Ég var alveg miður mín. Mér hefur ekki dottið í hug að hann myndi nokkurn tímann slá mig. Ég veit að hann elskar mig mjög mikið. Gummi spurði mig í skólanum hvað ég ætlaði að gera seinni partinn. Ég var ekki búin að ákveða neitt svo ég sagði honum að ég ætlaði ekki að gera neitt sérstakt. Við ákváðum ekki að hittast eða neitt. Ég hafði ekki hugmynd um að hann héldi að við ætluðum að vera saman eftir skóla. Þannig að þegar Kolla vinkona hringdi og bað mig að hjálpa sér að lita hárið þá fór ég heim til hennar. Gummi hlýtur að hafa komið heim til mín bara rétt eftir að ég fór til Kollu. Hann beið þar til ég kom heim. Hann var alveg bálreiður. Hann spurði af hverju ég svaraði ekki símtölum eða sms-um. Reyndar hafði ég slökkt á farsímanum en ég sagði honum að ég hefði gleymt honum heima. Við höfðum ekkert talað um að hittast. Ég hafði ekki hugmynd um að hann ætlaði að koma til mín. Hann öskraði á mig. Fyrst skildi ég ekki einu sinni af hverju hann var svona reiður. Svo trylltist hann alveg og kýldi mig í andlitið. Ég veit ekki hvernig ég á að skýra bólgid og rispað andlitið fyrir foreldrum mínum.

Tekið skal fram að þessi saga vakti mikla athygli hjá þeim nemendum sem fengu kennslu á forvarnarefninu Öruggr saman hér á landi.

- **Kafli 6** fjallar um staðalmyndir. Það er rík ástæða fyrir því að staðalmyndir eru kynntar fyrir nemendum en það er vegna þess að margir trúa því að allar konur eða allir karlar séu svona eða hinsegin, að það sé ríkjandi ákveðin ímynd af konum og körlum. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir nemendur sem eru í nánnum samböndum að athuga hvort þær kröfur sem þar eru gerðar séu raunhæfar eða sanngjarnar eða hvort þær byggja á staðalmyndum.
- **Kafli 7** fjallar um reiðistjórnun og ætlunin er að nemendur þjálfist í að ræða um tilfinningar sínar og hvernig þeir bregðast við þeim. Til þess að geta náð stjórn á reiðinni þarf að þekkja tilfinningar sínar.

Sagan af Nönnu og Tryggva: *Nanna átti afmæli og kærastinn Tryggvi gaf henni geisladisk með uppáhaldshljómsveitinni í afmælisgjöf. Nanna virtist í fyrstu ánægð með gjöfina eða þar til hún komst að því að gjafirnar voru ekki fleiri frá honum. Þá tók hún geisladiskinn og braut hann á hnénu á*

sér, alveg brjáluð og sagðist hafa búist við meiru en einum ömurlegum geisladiski frá honum.

- **Kafli 8** hefur það markmið að gefa nemendum hugmyndir af jákvæðum og uppbyggjandi samskiptum og leyfa þeim að æfa sig til að öðlast góða samskiptafærni. Í nánnum samböndum getur það hjálpað til við að viðhalda jafnvægi og komið í veg fyrir að ofbeldi eigi sér stað.
- **Kafli 9** og jafnframt sá síðasti hefur það markmið að fræða nemendur um kynferðisofbeldi í nánnum samböndum og hvernig má koma í veg fyrir það. Þar koma einnig fyrir stefnumótaráðin átta sem eru ráð fyrir nemendur áður en þeir fara á stefnumót (Foshee og Langwick, 1994).

Stefnumótaráðin átta:

Það sem hægt er að gera til að verja ykkur sjálf.

1. Farið á fyrsta eða fyrstu stefnumótin með nýjum kærasta eða kærustu í fylgd vinar eða vinkonu sem er líka að fara á stefnumót, eða verið með í vinalópi.
2. Verið með það á hreinu hvar þið setjið mörkin í kynferðislegum efnum. Látið hinn aðilann ekki veljast í neinum vafa um hvar þessi mörk eru ef á reynir.
3. Treystið tilfinningunum og eðlisávísuninni. Ef ykkur líður illa á einhvern hátt, finnst ykkur ógnað eða eruð eitthvað óróleg er best að fara burt og á öruggari stað.
4. Verið á varbergi ef sá eða sú sem þið fóruð á stefnumótið með er með mjög fastmótaðar staðalmyndir af kynjunum og hegðun þeirra.
Það sem hægt er að gera til að virða óskir þess sem þið farið út með
5. Virðið tilfinningar og óskir þess sem þið farið út með og hvar sá aðili setur mörkin í kynferðislegum efnum.
6. Takið eftir allri líkamstjáningu þess sem þið farið út með.
7. Gætið ykkar á eigin staðalmyndum um kynin.
8. Hættið áleitninni ef sá eða sú sem þið fóruð út með segir „Nei“ eða er eitthvað hikandi eða streitist á móti atlotum.

Það er einnig bent á að góð leið sé að vera með veggspjaldakeppni til að styrkja þá meginþætti sem fram koma í námsefninu.

Áður en efnið var kennt höfðu kennarar samband við foreldra skriflega til að þeir væru vel upplýsir um innihald námsefnisins. Kennarar fóru í gegnum námsefnið með verkefnastjóra Lýðheilsustöðvar áður en kennsla á því hófst.

1.4.1 Erlendar rannsóknir á Safe Dates

Rannsókn var gerð á *Safe Dates* forvarnarefninu þar sem það var kennt í 14 opinberum skólum í North Carolina í 8. og 9. bekk (Foshee o.fl.,1998). Einnig voru notaðir samanburðaskólar sem ekki fengu kennslu í rannsókninni. *Safe Dates* forvarnarefnið reyndist árangursríkt þar, bæði til að koma í veg fyrir brot og eins til að draga úr brotum á meðal unglinga í nánnum samböndum. Marktækur munur var á þeim unglingum sem tóku þátt í forvarnaráætluninni og þeim sem ekki tóku þátt. Helst mátti greina að minna var um ofbeldi í nánnum samböndum, samskiptin voru bæði sterkari og betri hjá þeim sem tóku þátt. Vísindamenn rannsökuðu sama hóp nemenda fjórum árum eftir framkvæmd og niðurstaðan var sú að þeir sem höfðu tekið þátt í forvarnaráætluninni *Safe Dates* tilkynntu 56-92% minna ofbeldi í samböndum en þeir sem ekki tóku þátt. *Safe Dates* hefur þótt vera jafn árangursríkt fyrir bæði kynin, burtséð frá uppruna þeirra (Foshee o.fl., 1998).

Safe Dates forvarnarefnið er notað í Ohio ríki og hjálpar bæði strákum og stelpum að gera greinarmun milli umhyggju og stuðnings í samböndum og hins vegar samböndum þar sem annar aðilinn er allsráðandi, frekur eða móðgandi (Hazelden e.d., 2010). Árið 2009 undirritaði ríkisstjóri Ohio lög þar sem skólar í Ohio eru skyldaðir til að upplýsa nemendur um ofbeldi í nánnum samböndum og hverjar afleiðingar þess geta orðið með því að bjóða upp á forvarnarnámsefni um ofbeldi í nánnum samböndum. Einnig ber skólum að þjálfa starfsfólk um ofbeldi í samböndum (Hazelden e.d., 2010).

De Puy o.fl. (2002) notuðu *Safe Dates* forvarnarefnið í Sviss. Samanborið við mörg önnur forvarnarefni þá er fjallað um verndandi þætti auk áhættuþátta í *Safe Dates*, og var það ein af ástæðunum fyrir því að þau kusu að nota *Safe Dates*. Þau staðfærðu efnið fyrir frönskumælandi Svisslendinga sem þó voru af mismunandi uppruna og byggðu námið upp á umræðum með nemendum og kennurum þar. Námsefnið var kennt á tveimur stöðum í Sviss. Þar voru einnig 19 rýnihópar með unglingum frá 10-17 ára gömlum, flestir voru 14-15 ára. Einnig voru fjórir rýnihópar með fagfólki sem hafði áhuga á ofbeldi í nánnum samböndum

og heilsueflingu. Fagfólkið voru kennarar, félagsráðgjafar, starfsfólk áfallamóttöku, starfsfólk í kynfræðslu, starfsfólk fjölskylduþjónustu og félagsmiðstöðva. Samkvæmt niðurstöðum voru nemendur ánægðir með forvarnarefnið. Þeir bentu þó á að þeir hefðu gjarnan viljað hafa meiri umræður og minna af verkefnum. Áður en kennsla hófst sögðust nemendur til dæmis ekki hafa þekkt til grunnstoða góðra sambanda svo sem jákvæðan samskiptamáta og reiðistjórnun og þeir voru mjög áhugasamir um efnið (De Puy og Hamby, 2002).

Margar forvarnaráætlanir sem miða gegn ofbeldi í samböndum hafa verið prófaðar, sú stærsta er *Safe Dates* og hefur eins og áður sagði skilað töluverðum árangri. Eitt af því sem hefur reynst erfitt er að *Safe Dates* er kennt fullt skólaár í senn og getur það verið litlum skólum erfitt eða ógerlegt fjárhagslega (Jaycox o.fl., 2006).

2. Aðferðir

Í eftirfarandi kafla verður gerð greint frá markmiðum lokaverkefnisins og rannsóknarspurningum. Einnig verður greint frá rannsóknaraðferðum, þátttakendum, framkvæmd, viðtalsramma, gagnaöflun, úrvinnslu og greiningu gagna.

2.1 Markmið og rannsóknarspurning

Markmið þessa lokaverkefnis er að kanna upplifun kennara og nemenda á forvarnarefningu *Örugg saman* sem fæst við viðhorf og hegðun sem tengist ofbeldi í samböndum og samskiptum ungs fólks.

Lagt var upp með þrjár rannsóknarspurningar sem leitast var við að svara í þessu lokaverkefni.

- Hver er þekking kennara á ofbeldi?
- Hvert er viðhorf kennara til ofbeldis?
- Hvernig var kennslufyrirkomulagi háttað?

2.2 Rannsóknaraðferð

Í lokaverkefninu var gagna aflað með eigindlegri rannsóknaraðferð (qualitative research methods) með það að markmiði að fá sem besta mynd af því hvernig þátttakendum fannst forvarnarnámsefnið *Örugg saman* (*Safe Dates*). Þessi rannsóknaraðferð er lýsandi og eigindlegir rannsakendur einbeita sér að því að skilja þá merkingu sem fólk leggur í líf sitt og aðstæður (Bogdan og Biklen, 1998).

Eigindlegir rannsakendur líta á fólk og aðstæður í heildrænu samhengi og leitast er við að læra að skilja veröldina eins og þátttakendur skilja hana. Í eigindlegum rannsóknum er tölfræðilegra niðurstaðna ekki aflað. Nálgun viðfangsefnisins og úrvinnsla gagna er með aðleiðslu og er því sveigjanleg. Það þarf þó mikla nákvæmni þótt þessi rannsóknaraðferð sé ekki stöðluð. Einnig er lögð meiri áhersla á réttmæti heldur en áreiðanleika og þess vegna er mikilvægt að passa að reyna ekki að hafa áhrif á sýn þátttakenda heldur hlusta á það sem þeir hafa að segja og átta sig á ástæðunum fyrir hugmyndum þeirra (Bogdan og Biklen, 1998).

Það eru margar aðferðir innan eigindlegra rannsóknaraðferða. Það er hægt að afla gagna í gegnum bækur, ljósmyndir, opinber skjöl, viðtöl, þátttökuathuganir og ýmislegt fleira (Bogdan og Biklen, 1998; Green og Thorogood, 2009).

Í þessu lokaverkefni var gögnum safnað með viðtölum við kennara og rýnihópum á meðal unglínga. Þátttakendur voru beðnir um að lýsa með eigin orðum reynslu sinni af kennslufyrirkomulaginu, viðhorfi til viðfangsefnisins og þekkingu á málaflokknum. Markmiðið var ekki eingöngu að fá svör við nákvæmlega þeim spurningum sem hafðar voru til hliðsjónar heldur voru þær notaðar til stuðnings í viðtölunum.

2.3 Þátttakendur rannsóknar

Þátttakendur voru fjórir kennarar á aldrinum 34-58 ára, þrjár konur og einn karl. Öll voru þau í fullu starfi sem kennarar. Það voru tekin við þau hálfopin viðtöl. Fyrri viðtölin voru tekin áður en kennsla á námsefninu hófst. Það var svo ákveðið síðar að einungis tveir skólar myndu hafa tök á að kenna allt efnið á þessum tíma. Seinni viðtölin voru því tekin við tvo kennara sem kenndu allt námsefnið samkvæmt áætlun auk stutts viðtals við þann kennara sem tók valið efni úr námsefninu eftir sínum áhuga sem spannaði þrjár-fjórar kennslustundir.

Sæunn Í upphafi var tekið viðtal við Sæunni sem er 58 ára og hefur kennt í rúm 30 ár. Við mæltum okkur mót í skólastofu í skólanum þar sem hún kenndi og tók viðtalið rúman klukkutíma.

Sigurður Annað viðtalið var við Sigurð sem er 47 ára og hefur kennt í yfir 20 ár og þar að auki unnið mikið með unglíngum annarsstaðar. Viðtalið var tekið á skrifstofu í skólanum þar sem hann kenndi og tók rétt um klukkustund.

Alma Þriðja viðtalið var við Ölmú, það var tekið í gegnum síma af óviðráðanlegum orsökum. Alma er 34. ára og kenndi í tvö ár fyrir fjórum árum síðan en fór þá í barneignarleyfi og bjó erlendis um tíma. Hún byrjaði aftur s.l. haust að kenna. Það gekk vel að taka viðtalið í gegnum síma og það tók um klukkustund.

Vigdís Að lokum var tekið viðtal við Vigdís sem er 41 árs og hefur starfað sem kennari í 12 ár. Viðtalið var tekið í kennslustofu í skólanum þar sem hún kenndi og tók um það bil 45 mínútur.

Eftir að kennslu á forvarnarefninu *Örugg saman* lauk hjá þeim þremur kennurum sem kenndu efnið, þeim Sigurði, Ölmu og Vigdís voru tekin viðtöl við þau aftur. Rannsóknir hafa sýnt að stundum er betra að hafa rýnihópa kynjaskipta, fer þó eftir því hvert umræðuefnið er, til að andrúmsloftið verði sem afslappaðast (Bowling, 2002).

Í þessu lokaverkefni var því ákveðið að hafa rýnihópa með nemendum kynjaskipta. Eftir að kennslu lauk voru hafðir rýnihópar þar sem rætt var við fimm stelpur annars vegar og fimm stráka hins vegar úr 10. bekk. Kennarinn fól stúlku í 10. bekk sem var tilbúin að fara í rýnihóp það verkefni að velja níu aðra nemendur í sama árgangi sem voru tilbúnir til að fara í rýnihópa. Að launum fyrir þátttöku fengu nemendur bíómiða.

Stelpurnar sem komu í rýnihóp voru gefin gervinöfn sem eru: Arna, Birna, Drífa, Eva og Fanney. Fjórar af þeim voru „á föstu“. Strákarnir sem komu í rýnihóp voru gefin gervinöfn sem eru: Guðjón, Haukur, Ingvar, Jón og Kristján. Enginn af strákunum var „á föstu“. Í rýnihópunum var athugað hvernig nemendum fannst námsefnið og almennt hvaða viðhorf og skilning þeir höfðu gagnvart ofbeldi í samböndum ungs fólks. Öllum þátttakendum var heitið fyllsta trúnaði og þeim tjáð að í lokaverkefninu yrði nöfnum þeirra breytt og þeirra réttu nöfn kæmu hvergi fram

2.4 Viðtalsrammi

- **Spurningar til kennara:** Þær spurningar vörðuðu þá þrjá þætti sem lagt var upp með sem eru þekking á viðfangsefninu, viðhorf til viðfangsefnisins og kennslufyrirkomulag.
- **Spurningar til nemenda í rýnihópum:** Þær spurningar vörðuðu einnig þættina þekking á viðfangsefninu, viðhorf til viðfangsefnisins og hvernig nemendum fannst kennslan. Í viðauka má sjá þær spurningar sem stuðst var við í viðtölunum við kennarana og í rýnihópum með nemendum.

2.5 Framkvæmd

Haft var samband við nokkra skóla í maí 2009 til að athuga hvort áhugi væri á að kenna forvarnarefnið *Örugg saman* skólaárið 2010-2011. Kennslufyrirkomulag skólanna var nokkuð niðurneglt þannig að á endanum voru þrír skólar sem sáu sér fært að kenna efnið á skólaárinu.

Áður en kennsla hófst á námsefninu var tekið viðtal við fjóra kennara. Eftir að kennslu lauk voru tekin viðtöl við þrjá kennara auk þess sem tíu nemendur voru fengnir í rýnihópa. Viðtölin voru hálfopin einstaklingsviðtöl kennarana. Þau fyrri voru tekin í október 2010, áður en kennsla á námsefninu hófst en þau seinni voru tekin í mars og apríl 2011, eftir að kennslu á námsefninu lauk.

Í apríl 2011 voru tíu nemendur fengnir í rýnihópa. Viðmælendum var kynntur tilgangur og markmið með viðtölunum og með rýnihópunum og viðmælendur beðnir um leyfi fyrir hljóðritun. Eftir að viðtölum og fundum með rýnihópum lauk var allt efnið skráð orðrétt í tölvu.

2.6 Gagnaöflun, úrvinnsla og greining gagna

Vinna við lokaverkefnið hófst í október 2010 þegar fyrri viðtölin voru tekin. Í janúar 2011 hófst gagnaöflun á fræðilegum kafla. Seinni viðtölin auk tveggja rýnihópa voru tekin í apríl 2011. Eftir að viðtölin höfðu verið afrituð voru gögnin greind samkvæmt aðferðum eigindlegra rannsóknaraðferða. Gögnin voru kóðuð til að reyna að finna það sem stóð uppúr hjá hverjum viðmælanda og reynt að setja það í samhengi við hin viðtölin. Við greininguna var lögð áhersla á þrjá þætti; Þekkingu á viðfangsefninu, viðhorf til viðfangsefnisins og kennslufyrirkomulag. Eftir að úrvinnslu og greiningu lauk voru niðurstöður settar í niðurstöðukafla þar sem reynt var að svara rannsóknarspurningunum.

3. Niðurstöður

Þeir þættir sem spurningarnar beindust að voru þekking á málaflokknum fyrir og eftir kennslu, viðhorf kennaranna til viðfangsefnisins og kennslufyrirkomulag. Þá voru nemendur í rýnihópi einnig spurðir um þekkingu á málaflokknum, hvernig þeim fannst námsefnið og hvernig kennslan gekk.

3.1 Þekking og viðhorf fyrir kennslu

Kennararnir fjórir töldu sig hafa mismikla þekkingu og einnig höfðu þeir mismunandi skoðanir. Þeir voru allir sammála um að nauðsynlegt væri að kenna forvarnarefni eins og Örugg saman í skólum. Tveir kennarar, þær Alma og Vigdís kenndu allt námsefnið Örugg saman í sínum skólum. Sigurður ákvað að taka hluta af efninu eftir sínu áhugasviði og kenndi þann hluta

Sænni fannst hún ekki hafa getað tekið að sér kennslu á svona forvarnarefni. Hún hafði ekki séð efnið og óttaðist að geta lent í erfiðum aðstæðum í kennslunni. Sæunn taldi að hún þyrfti að kynna sér efnið vel því að það þyrfti að fara gætilega í allri umræðu við nemendur því að hugsanlega væru einhverjir sem lifðu við þær aðstæður sem verið væri að fjalla um. Hún hefur ágætt viðhorf gagnvart námsefninu, hún sagðist hinsvegar ekki hafa nægilega mikla þekkingu á því til þess að treysta sér til að kenna það.

Sæunn ræddi þetta við tvo aðra samkennara sína sem einnig kenna lífsleikni á unglíngastigi og þau voru sammála um að þau þyrftu meiri fræðslu áður en þau myndu kenna svona efni. Sæunn var áhugasöm og leist vel á svona efni og viss um að það væri þörf á kennslu á því. Hún nefndi að það gæti verið gott að byrja kennslu á því í áttunda bekk og taka það svo fyrir á hverjum vetri. Hún taldi nauðsynlegt að koma efni sem miðar gegn ofbeldi inn í umræður svo nemendur geri sér grein fyrir því að ofbeldi er aldrei réttlátanleg

Það varð því niðurstaðan að forvarnarefnið var ekki tekið fyrir á síðasta skólaári í þeim grunnskóla sem Sæunn kenndi í. Hún benti á að ef hún fengi góða fræðslu um ofbeldi í nánnum samböndum að þá væri hún til í að skoða það seinna að kenna svona forvarnefni í lífsleiknitímum hjá sér. Sigurður taldi sig hafa nokkra þekkingu á ofbeldi og hafði áhuga á efninu. Einnig hafði hann mikið unnið með unglíngum í gegnum tíðina og þekkti vel til samskiptamáta þeirra á milli. Hann taldi ofbeldi vissa valdbeitingu þar sem gerandi hefur einhver yfirráð sem

hann misnotar öðrum til minnkunnar. Það sé hins vegar mjög mismunandi og ólíkt eftir samfélögum hvað menn skynji og upplifi sem ofbeldi því samskipti séu svo menningarbundin. Sigurður nefndi dæmi um að það sem einum finnst eðlilegur víkingaháttur finnst öðrum hreint og klárt ofbeldi. Hans upplifun varðandi þann skóla sem hann kenndi í er að hreint og klárt ofbeldi sé tiltölulega sjaldgæft þar sem betur fer. Sigurður sagðist upplifa að nemendur sem koma úr bandarískum eða breskum einkaskólum í skóla hér finnst skólaumhverfið vera „*barbarismi á meðan íslenskir útrásarvíkingar myndu segja að það væri bara verið að herða nemendur*“.

Þær birtingarmyndir ofbeldis eins og Sigurður taldi sig sjá þær er misbeiting á félagslegri stöðu. Hann taldi einnig að ofbeldi inn á heimilum sé algengasta ofbeldið. Ofbeldi sé miklu meira í félagslegum samskiptum heldur en tilviljunarkennt ofbeldi út á götu. Það sem hins vegar komi í fréttirnar séu unglingsögur úr öldurhúsum bæjarins þar sem vímuefna- og áfengisneysla stýri líklega meira för. Það geti þó líka verið afleiðing ofbeldis inn á heimilum.

Alma var sammála Sigurði varðandi ofbeldi inn á heimilum og sagðist halda að það væri allt of algengt og lítið talað um það. Gerendur væru þá annaðhvort eldri systkini eða foreldrar barna sem þyrðu þess vegna ekki að segja frá. Sama fannst Ölmum um kynferðisofbeldi, það væri örugglega allt of algengt en fólk þyrði bara ekki að tala um það.

Það var sameiginlegt með kvenkennurunum að þær töldu sig ekki hafa mikla þekkingu á ofbeldi almennt, nema það sem þær höfðu séð í fjölmiðlum. Vigdís og Alma sögðust báðar sjá fyrir sér mann að berja konuna sína þegar minnst var á hvað ofbeldi væri. Vigdís taldi að bæði andlegt og líkamlegt ofbeldi hefði aukist hjá ungmennum og að það sé vegna þekkingaleysis þeirra. En oft eru aðstæður fólks misjafnar og það verði líka að passa sig á að dæma ekki án þess að vita aðstæður þess. Vigdís minntist nemanda sem réðist á kennara og var í framhaldinu vísað úr skóla. Henni fannst kennararnir fullgrimmir í garð nemandans og henni þótti það erfitt því þetta var skjólstæðingur hennar.

Sænni datt fyrst í hug líkamlegt ofbeldi, á undan hinu andlega. Henni fannst mikið fjallað um ofbeldi í fréttum en taldi fjölmiðla ekki blása upp fréttir af því. Aðallega vegna þess að talsmenn margra samtaka höfðu komið fram og lýst því yfir að fólk hefði leitað mikið til þeirra. Það sem henni þótti verst eru gömul kynferðisbrotamál þar sem fólk opnar sig löngu síðar og orðið stórskadað, bæði á

líkama og sál. Sæunni fannst að kynferðisofbeldi hefði verið talsvert í umræðunni að undanfögnu og það hefði komið í ljós að sífellt fleiri hefðu orðið fyrir kynferðisofbeldi af einhverju tagi og það sé hræðilegt að þetta þurfi að gerast og enginn þori almennilega að tjá sig um það.

Bæði Sæunn og Alma töluðu um að ekki hefði verið lögð mikil áhersla á þetta efni þegar þær voru í námi sem væri slæmt því við kennslu væri einmitt mjög þarft að þekkja vel til þessa málaflokks. Alma bjóst við að í Kennaraháskólanum í dag væri meiri áhersla lögð á að nemendur fræddust um ofbeldi og mismunandi birtingarmyndir þess og taldi það mjög til bóta frá því sem verið hefur. Alma nefndi að námið hefði breyst töluvert frá því hún var í skóla og taldi það gott því að öll fræðsla um ofbeldismál væru eitthvað sem kennarar yrðu að þekkja því það kæmu alls kyns persónulegir erfiðleikar nemenda inn á borð til kennara og þeir þyrftu því að þekkja til málanna til að geta hjálpað þeim.

Kennararnir voru allir sammála um að samskipti nemenda hefðu að stærstum hluta verið góð en auðvitað hefðu reglulega komið upp árekstrar þar sem kennarar þurftu að grípa inn í. Allir skólarnir vinna eftir sérstakri eineltisáætlun sem hefur orðið til þess að einelti hefur minnkað en það er þó alltaf eitthvað og mjög erfitt að fylgjast með því. Þau voru sammála um það að einelti hjá stelpum væri töluvert meira heldur en hjá strákuum. Sigurður líkti þessu við eins konar drotningarslag milli stelpnanna og hafði af þessu nokkrar áhyggjur. Hann taldi eineltismálin vera þau verstu að eiga við. Það sé svo erfitt fyrir þá sem hafa lent í einelti að byggja sig upp aftur og að það þurfi lítið út af að bera til að þeir fari á byrjunarreit aftur. Sigurður nefndi dæmi um börn sem hafa lent í einelti og foreldra þeirra.

Bæði börnin og foreldrar þeirra eru oft á tíðum orðin með kolbrennlaða mynd af stöðu mála. Þau soga til sín allar upplýsingar sem hægt er að túlka á neikvæðan hátt og mislesa aðstæður oft alveg gríðarlega. Það er af því að marbletturinn á sálinni er þarna og hann grær mjög seint. Eðlilega ef þú hefur lent í einelti þá ertu alltaf í vörn og á varbergi ekki nema þú fái aðstoð til þess hreinlega að byggja þig upp til þess að lesa betur aðstæður.

Sigurður taldi þurfa að huga sérstaklega að þessum eintaklingum en þetta getur oft verið erfitt því einelti er oft svo falið og oft þarf jafnvel ekki nema eitt augnaráð eða ákveðna líkamsstillingu til að allt hrynji hjá þeim. Líkamlegt ofbeldi taldi Sigurður afar fátítt í skólanum, einna helst eitthvað „hvolpahnoð“ hjá strákuum á

miðstiginu. Hans upplifun er að nemendur á unglíngastigi beri almennt virðingu hver fyrir öðrum og í skólanum sé lögð mikil áhersla á að byggja upp heilbrigð samskipti milli nemenda. Nemendur þurfi að geta slakað á og læra að virða það að það eru ekki allir eins. Að starfsfólk skólans geti ekki heimtað vinskápan en það geti farið fram á virðingu og kurteislega framkomu. Hjá nemendum er þetta „oft í ökla og eyra annað hvort ertu 100% vinur eða 100% óvinur það þarf að reyna að sýna þeim að þetta er ekkert bara svart og hvítt. Veröldin er bara misjafnlega gráir tónar“ komst Sigurður að orði.

Sigurður taldi að starfsmönnum skólans hefði tekist að ná að byggja upp hárréttan anda, sem er gagnkvæm virðing og tillitsemi. „Allir eru einstakir, hver á sinn hátt og nemendur fá að vera þeir sjálfir“ sagði Sigurður.

Vigdísi fannst strákar fela það betur ef þeim líður illa heldur en stelpur þannig að kannski sé meira um einelti hjá strákum en allir halda. Það sé meira „drama“ í kringum stelpurnar og þær geti oft verið illskeyttari. Strákar séu minna fyrir að flækja málin að óþörfu. Hún taldi samskipti unglínga í sínum skóla nokkuð góð og jafnvægi og virðing sé algengari heldur en ekki. Þær Alma og Sæunn höfðu ekki alveg sömu sögu að segja og þeim var báðum efst í huga virðingarleysi í samskiptum unglínga gagnvart hvert öðru. Sæunn sagðist ekki sjá kynbundinn mun þar á en Alma sagðist verða meira vör við það hjá stelpunum og eins fordóma og gagnrýni og sagði

Stelpurnar eru kannski feimnari og meiri svona, meiri kelirófur. Þær eru undirförlur og hvísla þetta meira og koma svo alveg af fjöllum og þykjast ekkert vita. Það er oft erfitt að sanna, það er orð gegn orði. Stelpurnar sýna meira virðingarleysi og eru oft rosalega nasty og langræknari, strákar eru fljótari að fyrirgefa finnast mér.

Sæunn sagðist hafa orðið vör við gagnrýni hjá stelpunum varðandi fatasmekk. Ef þær voru ekki í „réttu fötunum“ hljóti þær að vera verri fyrir vikið. Þetta getur leitt til einangrunar þar sem þessum stelpum er ekki boðið að vera með ef hópurnar ætlar að gera eitthvað saman svo sem fara í bíó eða í party. Sæunn taldi að með því að vera í „réttu fötunum“ gætu stelpurnar notið virðingar hinna og keypt sig inn í hópinn. Sæunn sagðist muna eftir einu atviki þar sem engin virðing var sýnd í parasambandi. Nemendur sem höfðu verið þar í einhvern tíma, hættu saman í skólanum og það spruttu af þessu mikil leiðindi. Sæunn lýsti atvikinu á þessa leið

Það var stelpa sem átti upptökin og sýndi óvirðinguna. Hún kom askvaðandi inn í matsal fullan af bæði kennurum og nemendum þar sem strákurinn sat og öskraði yfir hann skömmunum og algjörlega bara rakkaði hann niður. Það voru ljót orð sem féllu þarna og ég held að hann hafi brotnað niður bara.

Allir kennararnir höfðu jákvætt viðhorf gagnvart námsefninu. Öll sögðu þau auðvitað að þau hefðu ekki séð efnið en höfðu miklar væntingar til þess. Þeim leist mjög vel á að hefja kennslu á námsefninu. Kennararnir voru allir sammála um að brún þörf væri á kennslu af þessu tagi og bjuggust ekki við öðru en að foreldrar nemendanna myndu taka slíku efni fagnandi og það sama mætti segja um nemendur. Það var svolítill munur á svörum kennara á því af hverju þeir hefðu mestar áhyggjur af áður en þeir byrja að kenna námsefnið. Sigurður sagði að sitt aðaláhyggjuefni væri staðfæringin á námsefninu. Hans reynsla hefði verið sú varðandi bandarískt námsefni að það væri „*hryllingur í staðfæringu*“ og Sigurði fannst oft liggja við að það þyrfti að endurskrifa efnið.

Alma hafði mestar áhyggjur af því að lenda í erfiðri uppákomu ef nemandi brotnar saman í tíma og fer að segja frá. Hún sagðist ekki vita hvernig hún myndi meðhöndla slíkt. Vigdís sagðist ekki hafa neinar áhyggjur, miklu frekar hlakkaði hún til að sjá efnið og kenna það.

Af þessu má sjá að kennararnir töldu sig hafa mismikla þekkingu á viðfangsefninu og viðhorf þeirra til ofbeldis voru ólík. Skilgreiningar þeirra á ofbeldi voru einnig ólíkar. Kennararnir voru misöryggir og misjafnlega í stakk búnir til að kenna efnið. Það var sameiginlegt með kennurunum að allir höfðu þeir jákvætt viðhorf gagnvart námsefninu og sammála um þörfina á að kenna svona námsefni, en þeir höfðu áhyggjur af mismunandi þáttum áður en þeir hefja kennsluna.

3.2 Kennslan

Öllum þremur kennurunum sem kenndu annað hvort allt efnið eða að hluta höfðu miklar væntingar til efnisins og voru spennt að sjá það. Í skóla Sigurðar var verið að fara af stað með morgunfundi sem verða einu sinni í viku. Þar söfnuðu kennarar saman punktum um efni til að fjalla um með nemendum á unglingastigi og ætlunin er að setja forvarnaefnið *Örugg saman* með í þann pakka. Sigurður taldi það skipta miklu máli í lífsleikninni að nemendur læri að þekkja sjálfa sig og aðra og að þau fái dæmi, kennisögur, ýmsar vangaveltur og dæmisögur sem þau

fjalla um við kennara í tímunum. Hann taldi að hluti af unglingsárunum væri að gera tilraunir í samböndum og þess vegna væri mjög gott fyrir þau að hafa „í bakpokanum svona nesti til að greina á milli hvað er æskilegt og hvað er óæskilegt“.

Alma sá fyrir sér að hún slægi tvær flugur í einu höggi. Bæði að kynna sig vel fyrir nemendum af því hún er ný tekin til starfa í skólanum og eins að prófa að kenna forvarnarefnið Öruggr saman. Hún vonaði að nemendum myndist ekki óþægilegt að hún kenndi efnið því hún þekkir þau lítið og að þau vilji leita til hennar ef eitthvað bjátar á hjá þeim. Hún sá einnig fyrir sér að kenna þetta námsefni á jafningjagrundvelli svo nemendur upplifi kennsluna ekki eins og hún væri að messa yfir þeim.

Ölmu fannst þetta mjög þarft efni og hún ræddi það við sína samkennara sem tóku mjög vel í það að hún kæmi inn með þessa kennslu. Nemendur hafa fengið fyrirlestra um kynferðislegt ofbeldi sagði Alma en efni eins og þetta þar sem komið er inná sambönd ungra para það er tenging sem hún telur hafa vantað. Alma var ekki búin að kynna þetta fyrir nemendum en vonaði að þetta höfði vel til þeirra og þeim finnist þetta skemmtilegt. Það sem hún hafði mestar áhyggjurnar af er ef nemandi brotnar niður fyrir fram bekkinn og fer að segja frá sínum persónulegu málum, hún sér ekki fyrir sér hvernig hún geti höndlað það á réttan hátt.

Vigdísi var mjög í mun að vera með forvarnarefni sem styrkir nemendur þannig að þau viti hvað þeim er fyrir bestu. Hún sagði einnig að sér myndist þarft að fræða nemendur á því að þau viti sem mest því að þau þurfa að bera eigin ábyrgð. Það forvarnarefni sem henni hefur fundist vera hræðsluáróður hefur hún tekið út hjá sér og hefur miklar væntingar til þessa nýja efnis. Vigdís var spennt fyrir efninu og ánægð yfir því að það skuli vera bandarískt en ekki breskt því að hennar reynsla er að bandarískar bækur séu skemmtilegri en breskar. Hún vonaði að vel hafi tekist til að þýða efnið til að það falli vel að íslenskri menningu og taldi það vera aðalatriðið

Kennararnir þrír sem kenndu námsefnið nálguðust það á mjög ólíkan hátt. Sigurður valdi lítinn hluta úr námsefninu eftir sínu áhugasviði og fléttaði inn í annað námsefni. Vigdís útbjó glærur út frá námsefninu þar sem henni fannst þær vanta. Alma kenndi efnið að mestu eins og það er sett upp en sleppti þó einhverjum verkefnum. Í þeim skóla sem Alma kenndi í er lífsleiknin tekin í einni

lotu, 2-3 daga í einu á seinni hluta vorannar. Hún þurfti því að semja við aðra kennara um að fá að kenna forvarnarefnið á þeim tíma sem átti að vera að kenna annað námsefni. Það fannst Ölmum óþægilegt og hafði þetta að segja um málið.

Ég hafði oftast bara fyrsta tíma á morgnana og ef ég þurfti að fara á fund þá datt hann út og ef að voru öðruvísi dagar þá datt þetta út. Þannig tók þetta miklu lengri tíma en þetta átti að taka upphaflega. Mér finnst þetta þurfa að vera svona hluti af lífsleiknispakka eða eitthvað en ekki vera einhvernveginn kennt svona eitt og sér enda er þetta auðvitað bara tilraun núna.

Oft fannst Ölmum nemendur fúlir yfir því að verið væri að skipta um fag þegar hún fékk að kenna forvarnarefnið á tíma sem var ætlaður öðru. Hún þurfti að sæta lagi og reyna að skeyta inn tímunum hér og þar. Tilfinningin sem hún fékk var að með þessu móti væri kennslan losaraleg og að henni tækist kannski ekki eins vel að koma efninu vel til skila.

Alma kenndi tveimur 10. bekkjum á haustönn 2010 og þremur 9. bekkjum í janúar-mars 2011. Hún taldi efnið höfða mun betur til 10. bekkinga heldur en 9. bekkinga og sagðist vera fegin að hafa ekki tekið 8. bekkinga með líka. Alma taldi sig líka hafa náð mun betur til 10. bekkinga en 9. bekkinga og þeir sýndu efninu töluverðan áhuga jafnvel þótt þeir hefðu verið feimnir að tala um margt sem þarna kom fram, á meðan 9. bekkingar eyddu tímanum meira í kjánalæti og fliss og komu með óviðeigandi spurningar. Það var því líflegra í kennslustundum hjá 9. bekk þótt Alma væri ekki viss um árangurinn hjá þeim. Ölmum fannst strákarnir almennt hafa verið ófeimnari en stelpurnar við að tjá sig og fannst það mjög vel koma til greina að hafa svona forvarnarkennslu kynjaskipta ef þess væri kostur. Það yrði þá frekar til þess að þau myndu opna sig meira og kannski ræða saman á annan hátt. Alma taldi það misjafnt eftir köflum hversu mikinn áhuga nemendur höfðu. Henni fannst þau ekki standa sig nógu vel í hlutverkaleikjunum og nefndi sérstaklega þegar þau léku Hönnu og Gumma í kafla 5 (Söguna má finna í kafla 1.4). Alma hélt kannski að henni hefði ekki tekist að setja nógu skýrt fram hvað þau áttu að gera.

Í kafla 3 þar sem fjallað eru um *af hverju fólk beitir ofbeldi* og í kafla 9 sem fjallar um *að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi* fannst Ölmum hún hafa lent í vandræðum. Í þriðja kafla voru það verkefnablöðin sem nemendur ergðu sig yfir vegna þess að þar voru punktalínur í stað heilla lína. Alma sagði að auðvitað væru

Þetta smáatriði en það fór mikill tími í að ræða þetta við nemendur. Í nýnda kafla var fjallað um stefnumótaráð (Stefnumótaráðin átta má sjá í kafla 1.4) og hún taldi sig ekki hafa skilið efnið nógu vel sjálf til þess að reyna að miðla því til nemenda. Þau verkefni sem henni þóttu ganga illa hjá 10. bekk lagði hún ekki fyrir hjá 9. bekk.

Þrátt fyrir þetta þá taldi Alma á heildina litið að efnið hafi vakið nemendur til umhugsunar, ekki síst umfjöllunin um geranda ofbeldis. Hennar skoðun var að nemendum hefði fundist gaman að lesa dæmisögurnar en þau hefðu þó verið frekar rög við að standa fyrir framan bekkinn í hlutverkaleikjunum og oft voru það sömu krakkarnir sem léku aftur og aftur. Henni fannst eins og þau væru ekki vön að standa fyrir framan bekkinn og tala og fannst það dálítið skrytið af því að hún taldi það skipta miklu máli að geta gert það. Það var ýmislegt sem kom Ölmur á óvart í kennslunni. Hún bjóst við að þetta yrði átakameira og jafnvel einhver uppákoma þar sem einhver myndi brotna niður og fara að segja frá reynslu sinni. Ekkert svoleiðis kom þó upp og nemendur virtust hvorki þekkja til ofbeldis af eigin raun né þekkja neinn sem hafði orðið fyrir ofbeldi af einhverju tagi. Alma sagðist vera fegin því og að það væri auðvitað mjög gott en þó ótrúlegt.

Vigdís taldi einnig að kennslan hefði gengið ágætlega og taldi að nemendur hefðu verið áhugasamir um efnið. Það sem hún sagðist ekki hafa gert sér grein fyrir var hversu mikið lesefni þetta var fyrir hana sjálfa fyrir hvern tíma og hefði viljað hafa útdrátt úr hverjum kafla sem hún hefði getað stuðst við. Henni fannst lesefnið dálítið mikil viðbót á þá kennslu sem hún var í fyrir. Vigdís útbjó glærur með hverjum kafla því hún taldi vanta sýnilegan hluta inn í kaflana. Hún taldi að nemendur þyrftu að sjá, það þýddi ekki bara að lesa efnið fyrir þau. Vigdís fannst líka þurfa vinnubók fyrir hvern og einn og þannig var hennar niðurstaða sú að „*efnið væri fínt en vinnuformið á efninu væri ekki fínt*“.

Vigdís benti á að hver kafli væri hugsaður fyrir 50 mínútur í senn en hún hafði 40 mínútur eða jafnvel enn styttra þegar nemendur voru búnir að koma sér fyrir og tilbúnir. Henni fannst það ekki duga fyrir sig til að fara yfir heilan kafla og auk þess varð að taka umræður milli nemenda með í reikninginn. Vigdís kenndi 8-10 bekk, alls 9 bekkjum. Hún taldi nemendur í öllum árgöngum mjög áhugasama um efnið en taldi þó að 8. bekkingar hefðu haft meiri áhuga heldur en 10. bekkingar, en áttaði sig ekki á því hvers vegna það var. Síðasti kaflinn

(9.kafli) sem fjallar um að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi (og stefnumótaráðin átta, sjá kafla 1.4) vakti mestan áhuga hjá nemendum og Vigdís sagði

„Þeim fannst þetta voða skemmtilegt og þau hafa voðalega mikinn áhuga á kynlífi (hlær) en það sem þau voru mest leið á er að ofbeldi kemur svo oft. Orðið ofbeldi. Þau voru farin að rugla því út í eitt...“.

Vigdís sagðist hafa sýnt þeim brot úr Kastljósi þar sem verið var að ræða um mál kynferðisafbrotamanna. Vigdís taldi að líklega væri betra að hafa þessa kennslu kynjaskipta en sagði að slíkt væri alls ekki í boði og ekki þýddi að velja því fyrir sér. Hún taldi sig hafa náð þeim árangri sem hún vænti með kennslu forvarnarefnisins. Nemendum fannst þetta skemmtilegt og tóku jafnan þátt. Þeim þótti mest gaman í hlutverkaleikjunum en mörgum þóttu dæmisögurnar helst til ýktar. Vigdís var að stærstum hluta ánægð með forvarnarefnið, taldi þó að það mætti vera aðeins styttra og sagðist alveg til í að kenna það aftur.

Þann hluta af efninu sem Sigurður var búinn að taka fyrir í sínum skóla taldi hann hafa gengið mjög vel. Hann var með umræðutíma fyrir nemendur á unglingsstigi þar sem allir í 8-10 bekk voru saman og sýndu nemendur efninu mikinn áhuga. Reiknaði hann með að halda áfram með því sniði sem hann hafði sett saman, þ.e. það sem kennararnir telja mest um vert fyrir nemendur að þekkja og kunna skil á varðandi ýmsa þætti í forvarnarstarfi.

Á heildina litið töldu kennararnir kennsluna að mestum hluta hafa gengið vel og að nemendur hefðu verið áhugasamir um efnið. Þó komu þó upp ýmis vandamál sem verða talin upp hér:

- Tímalengd kennslustunda: Kennslustundir hér á landi eru 40 mínútur í senn og það reyndist ekki nógu langur tími til að kenna heilan kafla auk þess að hafa umræður. Náms efnið miðar við 50 mínútna kennslustundir.
- Úthlutun á tíma fyrir kennslu: Nauðsynlegt er að kenna efnið á föstum tíma en ekki skeyta inn tímum hér og þar. Sá kennari sem ekki hafði fasta tíma sagðist ekki hafa áhuga á að kenna náms efnið að óbreyttu fyrirkomulagi.

- Kynjaskipt kennsla: Kennarar töldu að æskilegt væri að hafa kennsluna kynjaskipta, með því móti næðu þeir betur til nemenda og að nemendur yrðu óhræddari við að tjá sig um viðkvæm málefni.
- Ónógur skilningur á efninu: Ljóst þykir að fræðsla fyrir fagfólk áður en það hefur kennslu á forvarnarefninu er nauðsynlegt því sú staða kom upp að ekki hefði tekist að koma kennsluefni í tveimur köflum nógu vel til skila til nemenda því skilningur á efninu var ekki nægur fyrir.
- Of mikið lesefni: Kennarar töldu lesefni allt of mikið fyrir þá sjálfa og sögðust vilja sjá efnið í styttra formi.
- Vinnuform efnisins: Kennarar töldu að það væri betra að nemendur fengju vinnubækur í stað lausra blaða, með því móti væri betra fyrir þau að halda utan um efnið.

Þetta eru þættir sem þarf að skoða vel áður en kennslu er haldið áfram á námsefninu og reyna að finna lausnir á þeim þannig að námsefnið falli betur inn í kennslufyrirkomulag í skólum hér á landi.

3.3 Þekking og viðhorf eftir kennslu

Það sem fyrst og fremst er skoðað hér er hvort þekking kennaranna hafi aukist og viðhorf þeirra eitthvað breyst eftir að þeir kenndu forvarnarefnið *Örugg saman*.

Alma taldi þekkingu sína hafa aukist í kjölfar kennslunnar. Fræðslufundur með verkefnastjóra Lýðheilsustöðvar áður en hún byrjaði kennslu fannst henni afar fróðlegur og hefði gjarnan viljað fá annan þannig fund eftir að hún var búin að lesa efnið en áður en hún fór að kenna, til að skerpa á þeim atriðum sem lágu ekki alveg ljóst fyrir. Hún sagðist vera meira vakandi og hlusta mun meira eftir svona fréttum í útvarpi og sjónvarpi en hún gerði áður. Alma sagðist oft hafa séð greinar í blöðum sem sniðugt hefði verið að taka fyrir með nemendum en það vannst ekki tími til þess.

Alma taldi þekkingarleysi sitt stafa fyrst og fremst af því að hún hefur aldrei lent í neinu ofbeldi sjálf og þekkir engan náíð sem hefur nokkurn tíma lent í því heldur. Einnig sagðist hún hafa lært afar lítið um ofbeldi þegar hún var í námi.

Alma sagðist ánægð með námsefnið og fannst mjög skynsamlegt að ekki var eingöngu verið að kenna fólki að verja sig heldur var komið inn á mun fleiri þætti. Til dæmis hafði Alma sérstaklega orð á umræðum um gerendur í ofbeldismálum og sagði að sér fyndist það mjög þarft og oft væri eins og sú umræða gleymdist en það væri nauðsynlegt að ræða það.

Vigdís var ánægð með fræðslufundinn sem hún átti með verkefnastjóra Lýðheilsustöðvar og fannst það vera nægur tími til að fara yfir efnið. Henni fannst þó lesefni vera nokkuð mikið eins og áður hefur komið fram. Hún var ekki viss um að sér fyndist neitt mikið hafa bæst við þekkinguna frá því sem fyrir var. Þó man hún eftir að hún ræddi við nemendurna um þátt í Kastljósi sem var um kynferðisofbeldi, þannig að hún taldi sig taka betur eftir svona umræðu en áður. Það var þó hennar skoðun að fjölmiðlar blási oft upp fréttir og geri meira úr þeim en þær raunverulega eru. Sigurður taldi sína þekkingu ekki hafa aukist mikið og viðhorfið ekki breyst, allavega ekki til hins verra.

Ýmislegt benti til þess að kennararnir væru opnari fyrir ýmsum þáttum eftir að þeir höfðu lokið kennslu. Vigdís sagðist velja þessu meira fyrir sér en áður og Alma sagðist vera meira vakandi og hlusta bæði á fréttir tengdar ofbeldi í útvarpi og sjónvarpi, þannig að hún telur áhugann meiri á slíku efni en áður. Sigurði leist vel á forvarnarefnið *Örugg saman* og telur það eiga fullt erindi inn í lífsleiknitíma, miðað við tímaramma í grunnskólum áttar hann sig ekki á því hvort möguleiki er á því að taka allan pakkann. Að mestu leyti taldi hann efnið hafa staðist hans væntingar og sagði þetta námsefni hiklaust vera eitthvað sem þau vildu hafa áfram í skólanum, eins og hann hefur sett það upp, þ.e. fléttað saman við annað efni inn í lífsleiknitímana. Sigurði fannst stelpur áhugasamari en strákar og mikill munur eftir aldri. Nemendur í 10. bekk voru miklu meira inn í umræðunum og höfðu önnur sjónarmið heldur en nemendur í 8. bekk og Sigurður segir himin og haf þar á milli en bætir við að auðvitað sé þetta líka misjafnt eftir einstaklingum.

Sigurður taldi að kennarar þurfi líka að vera vakandi yfir því hvaða orð unglingar nota yfir hlutina því að það er eitt af því sem breytist á leifturhraða. Hann taldi líka að það hefði þurft að vera inn í efninu að kennarar leiti svara við því hvað krakkar noti yfir það að fara saman í bíó, kyssast öðru hvoru út á róló, hvenær verður samband að sambandi? Hans skoðun var að 13-14 ára krakkar segist „vera saman“ þegar þau hittast á róluvellinum, kyssast einum kossi og fara

saman í bíó. Hins vegar upplifi 18-24 ára krakkar það að „vera saman“ nánast eins og að vera trúlofuð, þau noti frekar orðið „að deita“. Varðandi það að vera með glærur eða lifandi efni þá stakk Sigurður upp á teikningum, því að þær úreltist síst og hafi jafnvel 10-15 ára líftíma. Hann sagði líka að „videómyndir geta vissulega hjálpað en eftir fimm ár hefur tískan breyst og þá hugsa krakkar: þetta er gamalt, þetta á ekki við mig og þá hætta þau að horfa og hlusta“.

Upplifun Vigdísar á námsefninu var góð og henni fannst það hafa staðist væntingar. Hún var þó á því að það mætti stytta efnið, hafa það kannski í 6-8 kennslustundir og taka út eitthvað af þeim vinnublöðum sem fylgja með því. Einnig sagðist hún spennt fyrir því að sjá vinnubók fylgja með námsefninu. Stærsta ástæða þess er að kennarar í dag hafa ákveðinn kvóta á því hvað þeir geta ljósritað mikið og þar sem töluvert er um ljósritun varðandi forvarnarefnið þá sá Vigdís ekki fyrir sér að það geti gengið upp.

Sum verkefnið í köflunum sbr. samstæðuspil í fyrsta kafla fannst nemendum asnaleg og höfðu mjög takmarkaðan áhuga, sumsstaðar áleit Vigdís að hefði dugað að vera með glærur fyrir til að varpa upp. Nemendur héldu líka að dæmisögurnar væru tilbúningur og fundust þær töluvert ýktar. Sjálfri fannst Vigdís sögurnar ágætari og lýsa vel aðstæðum en nefndi líka að nemendunum hefðu þótt þetta vera sömu sögurnar og sömu frasarnir aftur og aftur. Vigdís talaði líka um að lífsleiknitími væri 40 mínútur í senn og það væri mikið námsefni sem ætti að fara þar inn og kenna. Það yrði að vera raunsær því að ekkert færi aukalega inn í skólana, það væri ekki í boði.

Vigdís sagðist vera tilbúin að kenna námsefnið *Örugg saman* aftur, hún ætti glærurnar en hún myndi ekki nota vinnublöðin öll aftur og frekar að reyna að skeyta einhverju saman úr köflunum líkt og Sigurður gerði í sínum skóla. Vigdís taldi nemendur, bæði stráka og stelpur hafa jafna sýn á námsefnið og hafa tekið jafnan þátt í umræðum og verkefnum.

Ölmu fannst námsefnið *Örugg saman* að stærstum hluta gott námsefni og vonar að hægt verði að koma því inn í alla skóla í framtíðinni sem kennsluefni. Henni fannst vanta lifandi efni með kennsluefninu sem ítarefni svo sem myndir, glærur og jafnvel myndbönd þar sem nemendur geta séð leiknar dæmisögur og reynt að meta hvað þeim finnst um þær. Það gekk ekki nógu vel hjá nemendum Ölmu í hlutverkaleikjunum og henni fannst eins og þau hefðu ekki þorað að

standa fyrir framan hina. Hún vildi ekki pressa of mikið á þau því að það gat verið að málefnið væri viðkvæmt fyrir þá sem hefðu lent í ofbeldi af einhverju tagi.

Alma sagðist vera búin að biðja um það að lífsleikni yrði kennd aftur í hverri viku en það er óvíst með hvernig það verður. Síðustu ár hefur lífsleiknin verið kennd í lotum og það hefur mælst ágætlega fyrir í skólanum og enginn sérstakur áhugi fyrir að breyta því. *„Eins og þetta er uppsett núna hér í skólanum myndi ég ekki vilja kenna þetta aftur en það hefur alls ekkert með efnið að gera, það er ekki það sem fælir mig frá því“* sagði Alma.

Hins vegar ef það fengist í gegn að lífsleikni yrði kennd einu sinni í viku eins og er víðast hvar annars staðar að þá sagðist Alma vera mjög opin fyrir því að kenna þetta námsefni aftur. Hún taldi að námsefnið sem slíkt hafi alveg staðist þær væntingar sem hún hafði um það og var ánægð með hversu góð áhrif það hafði á nemendur. Alma taldi að þetta hefði gagnast bæði strákum og stelpum á svipaðan hátt. Strákarnir voru þó almennt virkari í tímum og ófeimnari við að spyrja spurninga.

Allir kennararnir töldu forvarnarefnið hafa staðist væntingar og voru að stærstum hluta ánægðir með efnið. Einnig voru þeir sammála um það að þörf væri á að kenna svona efni í skólum. Það virðist ljóst að tveir kennarar telja þekkingu sína hafa frekar aukist eftir kennslu námsefnisins. Þeir fylgjast frekar með umræðu um ofbeldismál í samfélaginu og taka betur eftir umfjölluninni en áður.

3.4 Rýnihópar með nemendum

Eins og áður hefur komið fram var hafður rýnihópur með nemendum í 10. bekk. Tekin var ákvörðun um að hafa hópana kynjaskipta til að reyna að ná sem afslöppuðustu andrúmslofti í hópnum. Fimm stelpur voru í öðrum hópnum og fimm strákar í hinum. Í spurningunum sem hafðar voru til hliðsjónar var stuðst við þætti eins og kennslufyrirkomulag, þekkingu á málaflokknum og viðhorf nemenda til viðfangsefnisins. Leitast var við að fá innsýn í skilning nemenda á námsefninu. Fyllsta trúnaðar var gætt og eru nöfn nemenda ekki þeirra réttu nöfn.

3.4.1 Svör stelpnanna

Stelpurnar sem tóku þátt í rýnihópnum fengu „gervinöfnin“ Arna, Birna, Drífa, Eva og Fanney. Fjórar þeirru voru á „föstu“. Allar voru stelpurnar sammála um að forvarnarefnið *Örugg saman* hefði verið virkilega áhugavert, fræðandi og sumt skemmtilegt. Það komu samt misjafnar athugasemdir frá þeim varðandi efnið.

Birnu, Örnunni og Fanney fannst efnið langdregið á köflum og dálítið um að það hefði verið fjallað um sömu hlutina aftur og aftur í sumum tímum. Drífa fannst eins og hinum að námsefnið hefði verið skemmtilegt en þótti of mikið af óþarfa blöðum sem dreift var til þeirra. Eva taldi mjög nauðsynlegt að koma með svona efni en sagðist muna það best að þau hefðu alltaf verið að lesa einhverjar glærur og að þetta hafi alltaf verið „*sömu sögurnar um ofbeldi í sambandi sem náttúrulega er nauðsynlegt að vita en fannst eins og við vissum þetta öll, það væri bara verið að hamra á okkur eins og hvað er vont að reykja*“.

Eva nefndi líka að það væri gott fyrir stráka að vita að stelpur geta sett mörk sem þeir verði að læra að virða. Birna tók undir það og sagði það nauðsynlegt að brýna fyrir þessu því að sumir þekktu ekki mörkin á því hvað væri ofbeldi og hvað ekki.

Eva nefndi líka umfjöllun í tíma um líkamlegt ofbeldi þar sem kom fram í dæmisögu að strákur var að slá stelpu, nemendur voru allir sammála um að það væri rangt.

Stelpurnar sögðu að það væri þörf á forvarnarefni eins og *Örugg saman*. Það sem þær settu útá var tímalengdin, þeim fannst of langur tími að vera í þessari kennslu hálfan vetur. Eva sagði að þetta hefði verið mjög mikið efni sem var fjallað um í níu kennslustundir og sagðist halda að þau hefðu verið jafn lengi í kynfræðslu og þessu sem henni fannst meira þarft að vera í.

Þær voru mjög ánægðar með kennarann sem kenndi forvarnarefnið. Það hefði verið kostur að hún væri ung og svo „*down to earth*“ og hefði útskýrt allt mjög vel fyrir þeim. Það var mikið sett upp á glærur og allir töluðu mikið saman í tímunum og þetta var mjög opið og afslappað andrúmsloft sem myndaðist í bekknum.

Öll umræða um andlegt ofbeldi fannst stelpunum góð. Þær töldu að það þekki allir þokkalega vel til líkamlegs ofbeldis en andlegt ofbeldi sé eitthvað sem alls ekki allir þekki. Það viti ekki allir hver mörkin eru og oft séu hlutirnir sagðir í

gríni og gerendur geri sér ekki grein fyrir afleiðingunum, að þetta særi og skilji eftir sig ónotakennd. Fanney er sérstaklega viðkvæm fyrir þessu og sagðist lenda í þessu aftur og aftur og lýsti því hér hvernig aðstæðum hún lendir í.

Eins og einn strákur í bekknum okkar sem er alltaf, ALLTAF að segja eitthvað við mann svona, bara ef maður missir blýant í gólfíð. Oh þú ert svo heimsk, þú ert algjör mongólíti og bara svona, bara svona ógeðslega böggandi. Það eru sumar manneskjur svona eins og þessi strákur, hann heldur að hann sé sko bara, sé bara guð og hann lítur svo stórt á sig og er bara... þessi gaur er bara algjör hálfviti og hann kemur svo illa fram við stelpur og þetta er bara ömurlegt. Það er munur að vera kallaður...þú ert svo mikill kjáni eða þegiðu þarna hórann þín.

Stelpurnar sögðust alveg hafa verið til í að fá að vita ennþá meira um andlegt ofbeldi því það var svo margt í sambandi við það sem þeim öllum hafði ekki dottið í hug að væri flokkað undir andlegt ofbeldi. Drífa og Arna nefndu báðar að það séu mjög skiptar skoðanir um hlutina. Það sem sumum finnst rétt og eðlilegt finnst öðrum kannski stórskrýtið. Það sem kom stelpunum langmest á óvart var þegar kennarinn lét þau fara í hlutverkaleik. Kennarinn las upp sögu um ungmenni í sambandi þar sem annar aðilinn var mjög ofbeldisfullur. Nemendur áttu að ákveða hvoru megin þeir vildu vera þ.e. „ég vil fara“ eða „ég vil vera“.

Eva sagði að það hefði komið sér verulega á óvart að þarna var ein bekkjarsystir sem ákvað að vera kyrr jafnvel þótt samkvæmt sögunni væri aðilinn farinn að sparka í andlitið á henni. Eva tók fram að margir hefðu þraukað lengi á staðnum „ég vil vera“ en þessi stelpa hefði staðið þar allan tímann sem þeim þótti skrýtið þar sem ástæðan var ekki sú að hún væri feimin og færði sig ekki þess vegna heldur hvað hún lét þetta lengi yfir sig ganga.

Það sem stelpunum fannst öllum að hefði gengið frekar illa voru vinnublöðin sem fylgdu með. Nemendur unnu ekki nema hluta af þeim blöðum og fannst hálf tilgangslaust að vera með þau öll. Í fyrstu hafði kennarinn lagt áherslu á að þau ynnu vinnublöðin heima og myndu skila þeim. Þau gerðu það samviskusamlega með fyrsta verkefnið en fengu það aldrei til baka með athugasemdum og stelpurnar héldu að kennarinn hefði bara gleymt þessu. Nemendur skiluðu ekki fleiri verkefnablöðum til kennara.

Birna nefndi eitt sem henni fannst skipta miklu máli og það var þegar nemendur svöruðu spurningarlistum í tengslum við forvarnarverkefnið sem lagt var fyrir áður en kennsla hófst.

Ég man eftir þegar við tókum þarna spurningarlistann þarna fyrst. Þá man ég að ég var í algjöru sjokki útaf því að ég... því að, ef að það hefur einhver lent í einhverju svona áður að þá er frekar erfitt að sitja í skólastofu með fullt af öðrum krökkum og reyna að svara einhverju sem er kannski alveg rosalega persónulegt ... eitthvað sem maður hefur kannski ekkert talað um við neinn áður eða neitt þannig

Eftir að Birna var búin að svara spurningalistanum fór hún strax heim til að ræða þetta við móður sína því að þetta tók mikið á hana og hún hugsaði mikið um þetta eftir. Hvort að það væru virkilega margir sem hefðu lent í svona ömurlegum aðstæðum eins og spurningarnar í spurningalistanum vísuðu til. Stelpurnar halda að það hefði ekkert verið betra að hafa strákana ekki með. „*Þeir höfðu líka gott af því að hlusta einu sinni á okkur*“ sagði Fanney.

Stelpurnar sögðust oft hafa rætt um efnið eftir tímana, eða þegar þær löbbuðum saman heim úr skólanum en þær hittust ekkert sérstaklega til þess að ræða það. Öllum fannst þær þekkja til þeirra þátta sem fjallað var um í köflunum og það varð mikill hlátur þegar Arna sagði að það hefði mátt fara meira í kynlífið og minna í ofbeldið. Stelpurnar voru allar sammála um að umræðan um andlegt ofbeldi og kynferðisofbeldi sé það sem þær lærðu mest af. Birna sagði að það sé öruggt að þetta hafi vakið þær til umhugsunar um marga hluti, hinar taka undir það með henni. Birna sagði:

Svona andlegt ofbeldi ... þetta er voða mikið svona að strákurinn vill alltaf ganga lengra en stelpa kannski segir nei en svo gefst hún undan ... og maður veit alveg um mörg þannig dæmi. ...kannski ... vill hún þetta alveg innan gæsalappa... en þú veist hún var kannski búin að segja einhver mörk en fer síðan lengra eða þannig.

Þekking þeirra á mörgu jókst við það að sitja í tímunum. Þeim fannst furðulegt að stelpur beittu stráka andlegu ofbeldi. Dæmisögurnar vöktu athygli þeirra og mikil umræða var um söguna af Nönnu og Tryggva (*sjá í kafla 1.4*). Þeim þótti oftast gaman í hlutverkjaleikjunum þegar strákarnir voru ekki með stæla og leiðindi og að reyna að sýnast eitthvað. Hópastarfið (það litla sem tekið var) fannst þeim ganga ágætlega en ekkert meira en það því að tíminn var svo stuttur. Kennarinn kvartaði um að það tæki svo langan tíma að raða borðunum upp á sérstakan hátt að það varð eitthvað lítið um hópastarf. Stundum fannst þeim eins og tíminn væri rétt að byrja þegar hann var búinn. Eva sagði þetta öðruvísi en stærðfræði þar sem þau sitja sveitt við allan tímann, þetta sé meira svona „chill“ bara. Í lokin

endurtóku stelpurnar og voru allar sammála um það að forvarnarefnið *Örugg saman* hefði verið áhugavert og allt öðruvísi efni en þær hefðu verið í áður. Þær töldu allar þörf á kennslu af þessu tagi en það voru samt skiptar skoðanir hjá þeim hversu langar loturnar ættu að vera. Eva var ein um þá skoðun að finnast 9 vikur alltof langur tími og miðaði við að þau hefðu verið jafnlengi í kynfræðslu sem henni fannst skipta meira máli en þetta efni. Birna var sú eina sem ræddi um efnið við foreldri. Strax eftir að hún svaraði fyrri spurningalistanum ræddi hún við móður sína og alltaf reglulega eftir það, því móðir hennar sýndi þessu mikinn áhuga. Hinum stelpunum fannst ekki þörf á að ræða efnið við foreldra sína og þeir spurðu einskis heldur. Allir foreldrar fengu kynningarbréf um forvarnarefnið áður en kennsla hófst. Allar stelpurnar höfðu orð á því að þær hefðu viljað fá upplýsingar um hvert þær ættu að leita ef þær lentu í vanda. Þær vita að í skólanum hafa þær aðgang að hjúkrunarfræðingi, sálfræðingi og námsráðgjafa auk kennara. En þær höfðu áhuga á að fá frekari upplýsingar, til dæmis hvert þær gætu leitað utan skólans, hafa símanúmer og heimilsföng þeirra staða sem eru í boði fyrir þær.

Á heildina litið voru stelpurnar ánægðar með forvarnarefnið *Örugg saman* og vildu gjarnan fá frekari kennslu af þessu tagi, en kannski í styttri útgáfu. Þær hafa mikinn áhuga á þessu efni og mikinn skilning og virtust velta þessum hlutum mikið fyrir sér. Viðhorf þeirra allra var líka frekar jákvætt.

3.4.2 Svör strákanna

Strákarnir sem tóku þátt í rýnihópnum fengu gervinöfnin: Guðjón, Haukur, Ingvar, Jón og Kristján. Allir voru þeir sammála um að forvarnarefnið *Örugg saman* væri fínt efni og hefði vakið þá til umhugsunar um marga þætti.

Haukur sagðist hafa vitað heilmikið fyrir en sumt hefði vissulega komið á óvart og hinir tóku undir það með honum. Þeir töldu að það sé þörf á að kenna svona efni því að þótt það sé vitað að það er oft ofbeldi í samböndum þá var margt varðandi andlegt ofbeldi sem kom þeim á óvart. Kristján segist vera viss um að andlegt ofbeldi geti oft verið verra en líkamlegt, en það fari eftir því hversu alvarlegt það er. Kristján bætir því svo við að sér finnist allt ofbeldi óþarfi hvort sem það er andlegt eða líkamlegt.

Hinir tóku allir undir þetta með Kristjáni. Greinilegt er að þetta náði til þeirra og vakti þá til umhugsunar á vissan hátt jafnvel þótt þeir hafi vitað um að það getur verið ofbeldi í samböndum. Strákarnir voru sammála um að kennarinn hefði verið fínn nema kannski að hún fór mjög hratt yfir efnið, þetta var hnitmiðað og stutt.

Langoftast fannst þeim efnið áhugavert en Kristjáni fannst svolítið vera um endurtekningar og sagðist þá hafa orðið hálfleiður á að hlusta. Jóni fannst sumir textarnir í dæmisögunum óraunhæfir og þeim fannst öllum það liggja í augum uppi þegar kom fram í dæmisögu að strákurinn var þremur árum eldri en stelpa að hann vildi ganga lengra í sambandinu heldur en hún og myndi þess vegna verða pirraður og berja hana. Þeir voru allir sammála um að það væri alls ekki ástæða til þess en stelpur ættu heldur ekki að bjóða hættunni heim með því að vera í sambandi með eldri strákum, ekki á þessum aldri. Eldri strákar bera pottþétt ekki virðingu fyrir stelpum sem eru þremur árum yngri en stelpur eru bara svona og vilja oft eldri stráka sagði Guðjón og bætir svo við

Þær eru bara oft svo skrýtnar eitthvað. Auðvitað ber maður virðingu fyrir þeim en ef stelpa er ekta heimsk og klæðir sig þannig að það sé eins og hún beri ekki virðingu fyrir sjálfri sér þá missir maður virðingu fyrir þeim og hættir að umgangast þær.

Haukur nefndi að það sé fáránlegt í sambandi að annar aðilinn banni hinum að tala við aðra. Hinir eru sammála honum og töldu að þetta gæti ekki staðist (Þarna eru þeir að vitna í söguna af Hönnu og Gumma, sjá kafla 1.4).

Þeir sögðu að það gæti verið afbrýðisemi í gangi hjá stelpum en ekki þannig að þær geti bannað strákum að tala við aðrar stelpur. Allir höfðu skoðun á þessu og það er greinilegt að þetta atriði vakti þá til umhugsunar. Kristján og Haukur voru harðir á því að kennslan hefði átt að vera kynjaskipt og Björn tók undir og sagði „stelpurnar þögðu nú bara og sögðu ekki neitt og tóku engan þátt í umræðunum og hlustuðu bara“.

Haukur viðurkenndi að hann hefði líklega talað langmest í sínum bekk, og kannski enginn komist að fyrir honum. Þeir sögðust hafa lært mest af umræðunni um andlegt ofbeldi. Það að læra að þekkja mörkin og velta því fyrir sér hvað er eðlilegt og hvað er ekki eðlilegt. Þeim fannst líka að kennarinn hefði átt að hafa meiri umræður í tímunum. Ingvar sagði:

Hún hefði átt að fá okkur til að tjá okkur um þetta. Þetta var svólítið svona kennarinn að tala við börnin dæmi. Hún las upp sögurnar en spurði okkur ekki mikið hvað okkur fannst um þetta, það var ekki gott. Vildi að hún hefði látið okkur skrifa hvað okkur fannst um söguna og reyna að kryfja þetta efni meira.

Hinir strákarnir voru allir sammála Ingvari. Jón sagðist líka alveg hafa verið til í að svara spurningum eftir að kennarinn las fyrir þau dæmisögu þar sem hann hefði getað sagt hvernig hann hefði leyst þau vandamál sem komu upp. Strákunum fannst forvarnarefnið *Örugg saman* gott efni en þeim fannst ekki vera hægt að bera Ísland saman við Bandaríkin. Haukur sagði að í Bandaríkjunum væru auðvitað allir á sterum og þess vegna snarbrjáláðir og lemdu og berðu allt og alla.

Það var ekkert í efninu sem strákunum fannst óþarfi að kenna en þeim fannst of mikið fjallað um líkamlegt ofbeldi. Það sem þeim fannst langáhugaverðast var umræða um andlegt ofbeldi og níundi kafli sem fjallar um kynferðisofbeldi. Allir höfðu þeir sterkar skoðanir á kynferðisafbrotamönnum og töldu þær refsingar sem þeir fengju alltof vægar. Guðjón sagði:

Þeir hafa eyðilaggt lífið hjá fullt af strákum og fá átta mánaða dóm fyrir. Ef þér hefur verið nauðgað heldurðu að þú gleymir því einhvern tímann? NEI- þú gleymir því aldrei - Það sem þeim er refsað fyrir er að vera drengir á vitlausum stað á vitlausum tíma. Þeir eiga aldrei eftir að gleyma því og sumir ná sér aldrei og sumir drepa sig.

Strákarnir voru allir sammála Guðjóni og ræddu þetta lengi. Þeir voru ánægðir með dæmisögunar þótt sumar hafi verið heldur „extreme“ sagði Kristján. Það sem þeim þótti skemmtilegast voru hlutverkaleikirnir. Kennarinn bað nemendur að velja sjálfir í hlutverk og allir höfðu bæði gott og gaman af því. Það voru skiptar skoðanir á því hversu lengi þeir höfðu verið í forvarnarfræðslunni *Örugg saman*. Þrír strákar fullyrtu að þeir hefðu í mesta lagi verið fjóra tíma en hinir tveir voru ekki vissir. Þessir sömu þrír voru ekki vissir um það hvort þeir hefðu áhuga á að fá svona fræðslu aftur en tveir sögðust hafa áhuga á áframhaldandi fræðslu á þessu efni og sögðust hafa haft gott af náminu og að þetta hefði skýrt margt fyrir þeim. Þeir ræddu efnið ekkert við foreldrana og voru ekkert spurðir um það heima fyrir. Þeir sögðust ekki hafa fengið nein heimaverkefni og aldrei skilað neinu til kennara.

Á heildina litið voru strákarnir ánægðir með forvarnarefnið *Örugg saman* og höfðu yfirleitt jákvætt viðhorf til námsefnisins. Þeir höfðu þó sterkar skoðanir á ákveðnum hlutum en virtust hafa almennan skilning á málefninu. Það var þó ýmislegt sem kom upp hjá þeim sem ekki benti til mikillar þekkingar og hljómuðu eins og sleggjúðómar. Þeir trúðu til dæmis ekki dæmisögunum og töldu að stelpur ættu ekki að bjóða hættunni heim með því að vera með eldri strákum.

4. Umræður

Markmið þessa lokaverkefnis var að kanna upplifun kennara og nemenda á forvarnarefninu *Örugg saman* sem kennt var í þremur skólum hér á landi. Rannsóknarspurningarnar voru þrjár og snéru að þekkingu kennara á viðfangsefninu, viðhorf kennara til viðfangsefnisins bæði fyrir og eftir kennslu og hvernig kennslufyrirkomulagið var. Þessum spurningum var svarað í niðurstöðukafla. Hjá nemendum sem voru í rýnihópum var skoðað hvaða þekkingu og skilning þeir hafa á ofbeldi í nánum samböndum, viðhorf til viðfangsefnisins og hvernig þeim fannst kennslan. Hér á eftir verða helstu niðurstöður lokaverkefnisins dregnar saman og þær settar í fræðilegt samhengi.

Niðurstöður úr viðtölum við kennara sýndu að öll töldu þau sig hafa grunnþekkingu á ofbeldi. Hjá tveimur þeirra var það aðallega það sem þeir höfðu heyrt eða séð í fjölmiðlum. Það má spyrja sig hversu mikil þekking það er sem er eingöngu sótt í fjölmiðla. Þótt kennararnir fjórir sem rætt var við í upphafi hefðu ágæta almenna þekkingu þá höfðu þeir mismunandi skoðanir. Þrír kennarar sem ekki sögðust hafa lært mikið um ofbeldi í sínu námi, sögðust sjá fyrir sér mann að berja konuna sína þegar þeir hugsuðu um hvað ofbeldi væri, sá fjórði taldi ofbeldi vera misbeitingu valds. Þeir voru allir sammála um að nauðsynlegt væri að kenna forvarnarefni eins og *Örugg saman* í grunnskólum. Það varð úr að þrír kennarar kenndu forvarnarefnið *Örugg saman* á síðastliðnu skólaári. Fjórði kennarinn sem talað var við í upphafi, treysti sér ekki til að kenna efnið sökum þekkingarleysis og óttaðist líka að geta lent í erfiðum aðstæðum í kennslunni ef einhver nemandi hefði lent í erfiðleikum og myndi brotna niður. Þessi sami kennari efaðist þó aldrei um nauðsyn þess að kenna forvarnarefni gegn ofbeldi í samböndum ungs

fólks og benti á að það væri ef til vill þarft að taka þetta á hverju ári á unglíngastiginu.

Kennarar komu inn á að það sé misjafnt eftir menningarsamfélögum hvað menn kalla ofbeldi. Það má velta því upp hvort það stafi ekki einmitt af þekkingarleysi í þeim samfélögum þar sem ofbeldi viðgengst. Þeirra skoðun var einnig sú að ofbeldi á heimilum sé algengast, en það ofbeldi sem mest er rætt um sé það ofbeldi sem verður á götum úti, því það sé það sem kemst í fjölmiðlana. Í skýrslu Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 1997 kemur fram að meiri líkur eru á að ofbeldið sé umborið eftir því sem tengslin eru nánari (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1997).

Þá lendir fólk í þeirri aðstöðu að vilja ekki segja frá aðstæðum og oft líður langur tími áður en það leitar sér hjálpar. Vigdís kennari taldi andlegt og líkamlegt ofbeldi hafa aukist hjá unglíngum og að það sé vegna þekkingaleysis þeirra. Almenn var ofbeldi í þeim skólum sem forvarnarefnið *Örugg saman* var kennt í lítið en kennarar bentu á að andlegt ofbeldi og/eða einelti sé mjög hulið og erfitt að fylgjast með því. Kennarar voru sammála um að heilbrigð og góð samskipti sé nauðsynlegur grunnur. Tveir kvenkennarar töldu þekkingu sína eitthvað hafa aukist eftir að þær kenndu námsefnið vegna þess að þær sögðust fylgjast betur með umræðu um ofbeldismál í samfélaginu og taka betur eftir umfjölluninni en áður. Það er þó ekki endilega ljóst hvort þekking þeirra hefur aukist en það er greinilegt að áhugi þeirra á umræðum um ofbeldismál hefur aukist og að sama skapi eftirtekt þeirra á umræðum í fjölmiðlum. Karlkennarinn tjáði sig ekkert um hvort þekking hans jókst við kennsluna.

Enginn ætti að þurfa að búa við ofbeldi og það er á ábyrgð allra þjóðfélagsþegna að reyna að sporna við því kemur fram í bók Ingólfs V. Gíslasonar félagsfræðings, *Ofbeldi í nánnum samböndum*. Með rannsóknum á þolendum ofbeldis er hægt að opna umræðuna og benda á það hvernig hægt er að þekkja helstu einkenni ofbeldis. Fagfólk er í betri aðstöðu til að benda á einkenni ofbeldis og til að bjóða aðstoð. Það þarf að upplýsa þolendur um að þeir geti leitað sér hjálpar og að ástand sem þetta sé alls ekki eðlilegt (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

Með því að koma forvarnarefni sem miðar gegn ofbeldi inn í skólana er markmiðið að breyta viðhorfi nemenda til ofbeldis og opna fyrir umræður um efnið. Niðurstöður sýndu að allir kennararnir höfðu jákvætt viðhorf til

málaflokksins og einnig til þess að koma forvarnarefninu inn í skólana. Það voru þó uppi ýmsar vangaveltur um efnið, til dæmis hvort efnið væri nægjanlega vel staðfært því bandarískt samfélag væri gjörólíkt því íslenska og hvernig þau gætu höndlað erfiðar aðstæður í kennslunni. Allir kennararnir töldu forvarnarefnið hafa staðist væntingar og voru að stærstum hluta ánægðir með efnið og hafði viðhorf þeirra ekki breyst eftir að þeir sáu efnið og kenndu það. Þeim fannst líka að öll umræða um samskipti ungra para væri eitthvað sem hefði vantað og mikil þörf væri á því. Þeir voru þó allir á því að það mætti stytta efnið og laga það betur að skólum hér.

Wolfe og fleiri bentu á það í sinni rannsókn að það væri hægt að kenna forvarnarefni inn í skólum rétt eins og stærðfræði eða bókmenntir. Byrja snemma á fræðslunni og bæta þannig við þekkingu þeirra og færni til góðra samskipta. Börnin myndu þá ná að þróa með sér ákveðið viðhorf gagnvart málefningu sem kynni að koma í veg fyrir ofbeldi síðar á lífsleiðinni (Wolfe o.fl., 2009).

Niðurstöður hér sýndu einnig að kennararnir voru ánægðir með viðbrögð nemenda á forvarnarefninu. Þeir töluðu um að nemendur hefðu verið áhugasöm um efnið og tekið jafnan þátt. Skemmtilegast þótti þeim í hlutverkaleikjum þar sem þau gátu sett sig í spor gerenda annars vegar og þolenda hins vegar. Það sem vakti mestan áhuga hjá þeim var níundi kafli, þar sem fjallað er um kynferðisofbeldi en öll sögðust þau hafa lært mest af umræðum um andlegt ofbeldi. Nemendur höfðu mjög sterkar skoðanir á kynferðisofbeldi. Það sem kennarar helst fundu að námsefninu var lengdin. Miðað við fjörutíu mínútna kennslustundir sem þeir hafa þá veittist þeim ekki tími til að kenna heilan kafla í einu og hafa þar að auki umræður um efnið með nemendum.

Allir kennararnir voru sammála um að það þurfi að stytta námsefnið lítillega til að það falli að þeim tíma sem þeir hafa í kennslu á því í viku hverri. Einum kennaranum fannst námsefnið innihalda of mikið lesefni fyrir kennara og taldi að það vantaði útdrátt og/eða glærur með efninu til að auðvelda kennurum kennsluna. Einnig mælti þessi sami kennari ásamt öðrum kennara, með vinnubók fyrir nemendur í stað lausra blaða sem gætu frekar týnst. Það sem vakti athygli með annan kennarann var að hann bjó til glærur til að nota með efninu og var þar með kominn með ennþá meira efni. Hann kvartaði líka yfir því að það kæmi hvergi fram hversu langar þær kennslustundir væru sem efnið hefði í upphafi verið miðað við. Þess ber að geta að það kemur skýrt fram í efninu og því verður

ekki hjá því komist að velta því fyrir sér hvort viðkomandi hafi ekki lesið efnið nægjanlega vel. Með breyttu fyrirkomulagi varðandi lífsleiknikennslu hjá þeim kennara sem ekki kenndi á föstum tíma, sagðist hann endilega vilja kenna námsefnið aftur í sínum skóla. Hinir tveir kennararnir tóku í sama streng og sögðust vilja kenna námsefnið aftur hjá sér. Þannig er ekki hægt að sjá annað en að niðurstöður séu mjög jákvæðar og að þeir telji að það sé þörf á þessari kennslu inn í skóla hér á landi.

Innleiðing á Safe Dates í Sviss hjá De Puy og Hamby gekk vel og þar voru einnig rýnihópar með fagfólki. Hér á landi væri nauðsynlegt að fá kennara í rýnihópa til að ræða þetta forvarnarefni. Einnig væri spurning hvort hægt væri að kenna námskeið í kennslufræði eða uppeldisfræði í háskólum þar sem farið væri í saumana á forvarnarefni eins og Örugger saman. Með því móti væru þeir kennarar sem síðar hefja kennslu í grunnskólum tilbúnir til að kenna námsefnið án nokkurra efasemda um kunnáttu. Það kom fram í könnun sem Barnaheill lét gera varðandi kennslu á kynferðisofbeldi í háskólum hér á landi að kennsla á ofbeldisefni er sáralítill í þeim 32 fögum sem voru sérstaklega skoðuð. Það er aðeins komið inn á ofbeldi, bæði kynferðisofbeldi og annað en áherslan er ekki þar í námskeiðunum. Það er því ljóst að það er brýn þörf á frekari kennslu í háskólum varðandi ofbeldismál. Forvarnarefnið Örugger saman myndi líka passa vel inn í lífsleiknitíma í framhaldsskólum.

Það var gaman og gefandi að fá nemendurna í rýnihópa. Þau voru mjög áhugasöm um bæði málaflokkinn í heild sinni og um námsefnið. Allir nemendur töldu sig hafa haft einhverja grunnþekkingu áður en kennsla á námsefninu hófst. Þau voru öll sammála um að þekking þeirra hefði aukist við kennsluna og vakið þau til umhugsunar um hvernig samböndum þau vildu helst vera í. Hlutverkaleikirnir fundust báðum kynjum mjög skemmtilegir og eins dæmisögurnar en sumum nemendunum fannst þær oft dálítið ýktar.

Að mestu voru nemendur ánægðir með kennarann. Stelpurnar sögðu að andrúmsloftið í tímunum hefði verið afslappað og að kennarinn væri „down to earth“ og hefði átt auðvelt með að tala um svona hluti. Strákunum fannst hún fara heldur hratt yfir efnið og ekki hafa gefið þeim tækifæri til umræðna. Einum þeirra fannst þetta vera líkt og kennari að tala við barn og hinir tóku undir það.

Að þessu leyti var munur á stelpum og strákum. Stelpurnar nefndu að andrúmsloftið hefði verið frjálst og allir talað en strákarnir sögðu að stelpurnar

hafi steinþagað í tímum og aldrei sagt neitt. Allir nemendur töldu gott að vita hvaða mörk þeir geti sett í samböndum. Stelpurnar lögðu þó meiri áherslu á þetta og þótti gott að vita að þær geti sett strákunum ákveðin mörk sem þeim beri að virða.

Áður en kennsla hófst var foreldrum allra nemenda sent kynningarbréf varðandi forvarnarefnið *Örugg saman*. Athygli vakti að einungis einn nemandi ræddi um námsefnið við foreldri, hinir sáu ekki ástæðu til þess. Rannsóknir hafa sýnt að þær stúlkur sem voru í góðu sambandi við foreldra sína voru síður líklegar til að lenda í ofbeldissamböndum og einnig líklegri til að leita sér hjálpar vegna vandamála í samböndum samanborið við þær stúlkur sem voru í slæmu sambandi við foreldrana (Howard og Wang, 2003).

Aðrar rannsóknir hafa einnig sýnt að slæmt eftirlit foreldra auk annarra þátta tengist því að ungmenni eiga í erfiðleikum með heilbrigð, rómantísk sambönd og eru líklegri til að vera með yfirgang við þann sem þau eru í sambandi við (Herrenkohl o.fl.2006, Brendgen 2002). Tekið skal fram að ekki er ástæða til að ætla að nemendur úr rýnihópum eigi í slæmu sambandi við foreldrana. Það væri gott að virkja foreldra betur með nemendum til dæmis með því að láta nemendur hafa heimaverkefni og þau gætu leitað eftir aðstoð foreldrana við að leysa þau.

Niðurstöður hér voru nokkuð í takt við rannsókn De Pu og Hamby í Sviss en þar voru niðurstöður nemenda í rýnihópum jákvæðar. Í Sviss bentu nemendur á að þeir hefðu gjarnan viljað hafa meiri umræður og minna af verkefnum efnið (De Puy og Hamby, 2002).

Það var eins hjá nemendum í rýnihópum. Þeim fannst ekki nægur tími til að umræðna eftir að kennarinn las dæmisögurnar. Þeir nefndu þó líka að það hefði heldur ekki verið nægur tími til að vinna verkefni sem fylgdu hverjum kafla. Þeim fannst þau fá full mikið af blöðum sem þau höfðu ekki almennilegan tíma til að vinna.

Niðurstöður hér sýndu einnig að nemendur sögðust ekki hafa gert sér grein fyrir afleiðingum andlegs ofbeldis eða hvað flokkast undir andlegt ofbeldi. Öllum nemendum fannst öll umfjöllun um andlegt ofbeldi nauðsynleg en þeim fannst níundi kafli sem fjallar um kynferðisofbeldi áhugaverðastur. Það er í takt við það sem kennurum fannst, þ.e. að nemendum þótti níundi kafli áhugaverðastur.

Strákarnir höfðu mun sterkari skoðanir á gerendum kynferðisofbeldis heldur en stelpurnar. Stelpurnar töluðu mikið um virðingarleysi stráka gagnvart stelpum. Allir nemendur voru sammála um það að námsefnið hefði verið heldur langdregið á köflum og oft hamrað á sömu hlutunum aftur og aftur.

Stelpurnar voru allar sammála um að þekking þeirra hefði aukist við það að sitja tímana og umræðan um andlegt ofbeldi og kynferðisofbeldi sé það sem þær lærðu mest af. Þeim fannst líka athyglisvert að vita að stelpur beiti stráka andlegu ofbeldi. Þær héldu alltaf að því væri eingöngu öfugt farið og sögðust ekki hafa velt þessu fyrir sér fyrr en núna.

Niðurstaðan var nánast sú sama hjá strákunum. Þeim fannst fáránlegt til þess að hugsa að ef þeir væru í sambandi með stelpu að hún myndi banna þeim að tala við aðrar stelpur, þeir sögðust tæplega trúá því að þetta gæti verið svona. Strákarnir töldu eins og stelpurnar að það hefði bæst við þekkingu þeirra á því að fá kennslu á efniinu, í það minnsta vakið þá til frekari umhugsunar.

Sjö nemendur af þeim tíu sem voru í rýnihópum vilja áframhaldandi kennslu á námsefniinu *Örugg saman*. Það var ekki sérstakur munur á kunnáttu eða áhuga stráka og stelpna. Þó má líklega ætla að stelpurnar hafi sýnt meiri áhuga. Þær sögðust oft hafa rætt um efnið eftir tímana eða á leið heim úr skólanum. Strákarnir sögðust hins vegar aldrei hafa rætt þetta utan tíma.

Ef litið er yfir allar niðurstöður nemendanna þá leikur ekki vafi á því að þau hafa mikið lært af kennslunni á forvarnarefniinu og verið vakin til umhugsunar um marga þætti sem kemur til með að nýtast þeim vel í framtíðinni.

5. Lokaorð

Það er óhætt að segja að innleiðing á forvarnarefniinu *Örugg saman* hafi gengið vel og efnið skilað sér vel til nemenda. Bæði kennarar og nemendur töldu efnið áhugavert og fræðandi um leið og það var gert skemmtilegt á mörgum stöðum m.a. með hlutverkaleikjum. Í viðtölum mínum við kennarana var ekki hægt að greina annað en mikinn áhuga á því að forvarnarefni gegn ofbeldi í samböndum, væri hugsanlega komið til að vera. Það sama var hægt að lesa úr svörum nemenda í rýnihópum. Þau voru öll áhugasöm um efnið og höfðu sérlega gaman af því að ræða það. Kennararnir töldu að þekking þeirra á málefniinu væri takmörkuð og því

væri mikilvægt fyrir kennara að þeir væru búnir að fara í gegnum námskeið eða umfjöllun um þennan málaflokk til að vera í stakk búnir til aðstoðar ef erfið mál koma inn á borð til þeirra. Það örlaði á töluverðu óöryggi hjá einum kennaranum gagnvart kennslunni og hræðslu við að segja eitthvað sem yrði til þess að nemandi brotnaði niður. Þetta viðhorf í samfélaginu er töluvert ríkjandi að ef einhver hefur lent í ofbeldi að þá megi ekki tala um það af hættu við að viðkomandi brotni saman.

Athygli vakti að töluverður aldursmunur var á þeim kennurum sem töluðu um að þeir hefðu nánast ekki lært neitt um ofbeldi í sínu námi. Annar kennarinn er 58 ára en hinn 34 ára. Árið 2007 lét Barnaheill gera úttekt í háskólum á hversu mikil kennsla væri á kynferðisofbeldi gagnvart börnum. Niðurstaðan var sú að það væri mjög lítið, í sumum námskeiðum er eitthvað komið inn á það en það er ekki aðalatriðið í námskeiðum. Af þessu má draga þá ályktun að nám í háskólum hafi ekki breyst í takt við þær rannsóknir og umræður sem hafa verið á ofbeldismálum undanfarin ár. Það væri því án efa mjög gott að kenna forvarnarefnið í Kennaraháskólanum fyrir tilvonandi kennara. Aðeins þrír kennarar kenndu forvarnarefnið *Örugg saman*. Tveir að öllu leyti, einn valdi hluta af efninu af sínu áhugasviði og setti inn í annað efni sem hann kenndi í lífsleikni. Af því þátttakendur eru svona fáir er ekki hægt að alhæfa um hvað er unnið með í lífsleikni í öðrum grunnskólum.

Ýmis konar forvarnarefni hafa verið kennd í grunnskólum hér á landi en engin sem miða gegn ofbeldi í samböndum þannig að forvarnarefnið *Örugg saman* er það fyrsta á þessu sviði. Samkvæmt erlendum rannsóknum hefur verið sýnt fram á að það reyndist árangursríkt að kenna forvarnarefni gegn ofbeldi og því var ákveðið að fara af stað með slíkt námsefni hér. Það er meira rætt um ofbeldi í nánnum samböndum hér á landi heldur en verið hefur. Það er mikilvægt í framhaldinu að fræða skólayfirvöld og starfsfólk skólanna um ofbeldi í nánnum samböndum, orsakir þess og afleiðingar. Forvarnarefnið getur mögulega dregið úr ofbeldi á meðal nemenda og þjappað þeim frekar saman, aukið samstöðu þeirra á milli og þannig dregið úr einelti í skólanum. Það þarf einnig að sjá til þess að auka meðvitund foreldra á forvarnarefninu sem getur þá orðið til þess að þeir eyði meiri tíma í að rækta samband við unglingana sína. Það eitt og sér hefur margþætt forvarnargildi í för með sér. Athygli vakti að stúlkurnar í rýnihópnum höfðu mikinn áhuga á að vita hvert þær gætu leitað ef þær lentu í vandræðum og hafa

heimilisföng og símanúmer á þessum stöðum. Í kynningarbréfi til foreldra nemenda komu þessar upplýsingar allar fram þ.e. hvert nemendur gætu leitað ef þeir lenda í vandræðum. Í þeirri möppu sem kennarar höfðu komu einnig fram staðir þar sem hægt er að leita ef unglingar eiga við vandamál að stríða en stelpurnar sögðu að kennarinn hefði ekki nefnt það.

Út frá niðurstöðum í þessu lokaverkefni er hægt að álykta sem svo að námsefnið *Örugg saman* sé fýsilegur kostur fyrir grunnskóla á Íslandi og jafnvel í lífsleiknitímum í framhaldsskólum einnig. Þessi rannsókn var fyrsta skrefið til að meta þetta forvarnarefni með því að kanna upplifun kennara og nemenda á því. Í framhaldinu gæti verið gott að athuga þetta með magnbundnari hætti og hvort það þurfi að tala fleiri viðtöl.

Næsta skref er þó að gera breytingar á efninu miðað við það sem kennarar fundu að því til þess að það falli betur að skólanámskrá hér á landi. Það var ekki annað að heyra en að kennararnir hafi álitnið námsefnið gagnlegt og með áframhaldandi kennslu á því gæti orðið straumbreyting í þessum málaflokki á Íslandi. Ýmis samtök starfa að forvörnum hér á landi, hvert í sínu horni. Það þyrfti því að vinna að þessum málaflokki heildrænt því með því móti væri hægt að áorka mun meiru. Meðvitund þjóðfélagsþegna á til dæmis kynferðisofbeldi og heimilisofbeldi hefur að mínu mati verið að aukast og þá kallar það á frekari forvarnarfræðslu.

Forvarnarefni sem felur í sér sjálfstyrkingu og fræðslu um afleiðingar ofbeldis, auka líkur á töluverðum fjárhagslegum ávinning fyrir samfélagið í heild þegar til lengri tíma er litið. Væntingar eru til þess að þetta tilraunaverkefni skili tilætluðum árangri og fleiri skólar á landsvísu muni hafa áhuga á að nýta það í forvarnarstarf.

6. Heimildaskrá

Ackard, D.M., og Neumark-Sztainer, D., (2002).

Date violence and date rape among adolescents: associations with disordered eating behaviors and psychological health. *Child Abuse & Neglect* 26(5), 465-473.

Bogat, G. A., Leahy, K. L., von Eye, A., Maxwell, C., Levendosky, A. A., og Davidson, W. S. (2005). The influence of community violence on the functioning of battered women. *American Journal of Community Psychology*, 36(1/2), 123-132.

Bogdan, R. C., og Biklen, S. K. (1998). *Qualitative Research for Education: An Introduction to Theory and Methods*. Boston: Allyn and Bacon.

Bowling, A. (2002). *Research methods in health: Investigating health and health services* (2. útgáfa). Berkshire: Open University Press.

Brendgen, M., Vitaro, F., Doyle, A.B., Markiewicz D., og Bukowski, W.M. (2002). Same-sex peer relations and romantic relationships during early adolescence: Interactive links to emotional, behavioral, and academic adjustment. *Merrill-Palmer Quarterly*, 48 (1), 77-103.

Chutter, K. (2009). Healthy relationships for youth: a youth dating violence intervention. *Relational Child and Youth Care Practice*, 22(4), 39-46.

De Puy, J., og Hamby, S.L. (2002). *A culture of peace and equality in intimate relationships: Bringing teen dating violence prevention/promotion of healthy relationships to Switzerland* Presented at the UNESCO Conference on Intercultural Educations, Jyvaskyla, Finland.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. (1997). *Skýrsla dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum*. Sótt 10. apríl 2011 af <http://www.althingi.is/altext/121/s/0612.html>

Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds. (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Reynsla kvenna á aldrinum 18-80 ára á Íslandi*. Sótt 16. febrúar 2011 af http://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/26012011_Ofbeldi_a_konum.pdf

Foshee, V.A., Bauman, K.E., Arriaga, X.B., Helms, R.W., Koch, G. G., og Linder, G.F. (1998). AssociationAn evaluation of Safe Dates, an adolescent dating violence prevention. *American Journal of Public Health* 88(1),45-50.

Foshee, V., og Langwick, S. (1994). *Safe Dates: An adolescent dating abuse prevention curriculum*. Chapel Hill, NC: University of North Carolina at Chapel Hill.

Green, J., og Thorogood, N. (2009). *Qualitative Methods for Health Research (2. útgáfa)*. London: Sage.

Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir. (2010). *Heimilisofbeldi: Ágreiningur og ofbeldi milli skyldra og tengdra eins og það birtist í gögnum lögreglu 2006-2007*. Sótt 10. maí 2011 af <http://logreglan.is/upload/files/Heimilisofbeldi%20sk%20FDrsla%202010.pf>

Hazelden.(e.d.). *Dating violence program available to address Ohio's new law*. Sótt 16. mars 2011 af <http://www.hazelden.org/web/public/pr100823.page>

Herrenkohl, T., Hill, K., Hawkins, D., Chung, I., og Nagin, D. (2006). Developmental trajectories of family management and risk for violent behavior in adolescence. *Journal of Adolescent Health*, 39, 206-213.

Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediktsdóttir. (1982).
Ofbeldi í íslenskum fjölskyldum. *Geðvernd*, 17, 7-13.

Howard, D. E., og Wang, M.O. (2003b). Risk profiles of adolescent girls who
were victims of dating violence. *Adolescence*, 38(149), 1-14.

Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum: orsakir, afleiðingar,
úrræði*. Reykjavík: Félags- og tryggingarmálaráðuneytið.

James, W., West, C., Deters, K., og Armiljo, E. (2000). *Youth Dating Violence*
Adolescence, 35(139), 455-465.

Jaycox, L. H., McCaffrey, D, Eiseman, B., Aronoff, J., Shelley, G. A., L. Collins,
R. L. og Marshall, G.N. (2006). Impact of a School-Based Dating
Violence Prevention Program among Latino Teens: Randomized
Controlled Effectiveness Trial. *Journal of Adolescent Health*. 39(5), 694-
704.

Kilpatrick, D. G., Saunders, B. E., og Smith, D. W. (2003). *Youth victimization:
prevalence and implications* (NCJ 194972). Washington, DC: U.S.
Department of Justice, National Institute of Justice.

Krug, E. G., Mercy J. A., Dahlberg L. L., og Zwi A. B. (2002). The world report
on violence and health. *Lancet*, 360, 1083-1085.

Landlæknir. (e.d.). *Ofbeldi gagnvart starfsfólki meðferðar- og
heilbrigðisstofnana*. Sótt 10. febrúar 2011 af
<http://www.landlaeknir.is/Uploads/FileGallery/Gaedi%20og%20eftirlit/Ofbeldi%20gagnvarrt%20starfsf%C3%B3lki%20me%C3%B0f.%20og%20heilbr.stofnana.pdf>

Landlæknir. (e.d.). *Sambönd og samskipti ungmenna*. Sótt 30. apríl 2011 af
<http://www.umhuga.is/pages/1411-1414>

- Lewis, S.F. og Fremouw, W. (2001). Dating Violence: A Critical Review of the Literature. *Clinical Psychology Review, 21(1)*, 105-127.
- Mignon, S., Larson, C., og Holmes, W. (2002). *Family Abuse: Consequences, Theories, and Responses*. Boston: Allyn og Bacon.
- Renner, L. M. (2009). Intimate partner violence victimization and parenting stress: Assessing the mediating role of depressive symptoms. *Violence Against Women, 15(11)*, 1380-1401.
- Ruiz-Pérez, I., Plazaola-Castano, J., og Rio-Lozano, M. (2007). Physical health consequences of intimate partner violence in Spanish women. *European Journal of Public Health, 17*, 437-443.
- Tjaden, P. og Thoennes, N. (2000). Prevalence and Consequences of Male-to-female and Female-to-male Intimate Partner Violence as Measured by the National Violence Against Women Survey. *Violence against women, 6(2)*, 142-161.
- Ulloa, E., Jaycox, H., Marshall, G., og Collins, R. (2004). Acculturation, Gender Stereotypes, and Attitudes About Dating Violence Among Latino Youth. *Violence and Victims, 19(3)*, 273-287.
- Valgarður Reynisson. (2007). *Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Úttekt á kennsluháttum í íslenskum háskólum*. Sótt 2. júní 2011 af <http://www.barnaheill.is/barnaheill/images/stories/skjol/barnaheilluttekt07.pdf>
- Werkerle, C. og Wolfe, D.A. (1999). Dating Violence in mid-adolescence: Theory, significance, and emerging prevention initiatives. *Clinical Psychological Review, 19(4)*, 435-456.

Whitaker, D., Morrison S., Lindquist ,C., Hawkins, S., O'Neil, J., Nesius, A., o.fl. (2005). A Critical Review of Interventions for the Primary of Perpetration of Partner Violence. *Aggression and Violent Behavior, 11, 151-166.*

World Health Organization. (2002). *World report on violence and health*. Sótt 19. febrúar af http://www.who.int/violence_injury_prevention/violence/world_report/en/index.html

Wolfe, D.A., Crooks, C. C. C., Chiodod, D., og Jaffe, P. (2009). Child maltreatment, bullying, gender-based harrassment, and adolescent dating violence: Making the connections. *Psychology of Women Quarterly, 33, 21-24.*

Viðauki

Spurningar f. kennara fyrir kennslu námsefnisins Öruggr saman (Safe dates).

Kennsla

Hvaða leiðir telur þú bestar til að kenna unglingum um farsæl sambönd
Finnst þér nemendur bera virðingu hver fyrir öðrum
Finnst þér mikið um líkamlegt ofbeldi milli nemenda
Finnst þér mikið um andlegt ofbeldi milli nemenda?
Þekkir þú samskiptamynstur para?
Hefur þú verið kölluð/kallaður til hjálpar vegna samskiptaörðugleika
nemenda?
Hvað heldur þú að verði erfiðast við að kenna námsefnið?
Væntir þú einhvers árangurs í lok námskeiðsins? Ef svo er þá hvað?

Þekking

Hver er þín grunnþekking um ofbeldi í samböndum?
Hvað dettur þér fyrst í hug þegar þú heyrir talað um ofbeldi
Þekkir þú eitthvað eitthvað til tíðni ofbeldis þ.e.a.s. hversu algengt það er?
Þekkir þú helstu birtingarmyndir ofbeldis?
Hefur þú orðið vitni af líkamlegu ofbeldi?
Hefur þú orðið vitni af andlegu ofbeldi?
Þekkir þú einhvern sem hefur orðið fyrir kynferðisofbeldi?

Viðhorf

Hvert er viðhorf þitt til þessa námsefnis?
Hvernig líst þér á að hefja kennslu á þessu námsefni?
Telur þú þörf á kennslu af þessu tagi?
Hvernig telur þú að foreldrar bregðist við innleiðingu kennsluefnisins?
Hvert heldur þú að viðhorf nemenda verði gagnvart námsefninu?
Hefur þú áhyggjur af einhverju áður en þú kennir námsefnið

Spurningar f. kennara eftir kennslu námsefnisins Öruggr saman (Safe dates).

Kennsla

- Hvernig fannst þér undirbúningur fyrir kennslu?
- Hvernig fannst þér þú undirbúin?
- Hvernig gekk kennslan
- Hvernig kenndir þú efnið?
- Hvernig var ferlið?
- Hvað gekk vel – hvað gekk ekki vel?
- Var eitthvað sem kom uppá sem kom þér á óvart?
- Hvernig leystirðu það? (ef eitthvað var)
- Hvernig var fyrirkomulag kennslu? 1 eða 2 kennslustundir?
- Hvernig fannst þér að kenna eina kennslustund miðað við tvær?
- Hversu mörgum bekkjum kenndir þú efnið?
- Er munur á bekkjunum varðandi skilning? Varðandi áhuga?
- Hvernig er sá munur? (ef einhver er).
- Notaðir þú veggspjaldakeppni til að styrkja kennslu efnisins?
- Hvernig gekk hópastarf?
- Voru einhver önnur verkefni varðandi efnið utan almennra kennslustunda?
- Telur þú þörf á kennslu af þesu tagi?
- Telur þú þetta gott forvarnarverkefni til að nota í framtíðinni

Þekking

- Hvaða áhrif hefur námsefnið haft á þekkingu þína?
- Hvað finnst þér um þetta forvarnarverkefni?
- Finnst þér kaflarnir allir jafn þýðingarmiklir eða voru einhverjir kaflar sem hefði mátt sleppa?
- Lentir þú einhversstaðar í vandræðum?
- Finnst þér þú hafa náð þeim árangri sem þú væntir?
- Hvernig upplifðirðu námsefnið?

Viðhorf

- Hvað fannst þér um námsefnið?
- Hefur þú áhuga á að kenna þetta námsefni aftur?
- Hafðir þú einhverjar væntingar til námsefnisins?

Stóðst það þínar væntingar?
Hvernig upplifðirðu að þetta gagnaðist strákum?
Hvernig upplifðirðu að þetta gagnaðist stelpum?
Hvernig fannst þér strákarnir taka þátt?
Hvernig fannst þér stelpurnar taka þátt?
Hvað fannst þér um dæmisögurnar?

Drög að spurningum í rýnihóp með unglingum.

Kennslan

Mig langar að heyra hvað ykkur finnst um námsefnið
Teljið þið þörf á því eða fannst ykkur það óþarfi?
Hvernig var efnið kennt?
Fannst ykkur það ganga vel eða illa?
Fannst ykkur það áhugavert eða ekki?
Fannst ykkur eitthvað vera óþarfi að kenna?
Er eitthvað sem kom á óvart? Og þá hvað?
Hefði verið betra að hafa þetta kynjaskipt?
Hverju lærðuð þið mest af?
Þekktuð þið alla þá þætti sem fjallað var um í köflunum eða var eitthvað nýtt?
Finnst ykkur að það hefði mátt ræða eitthvað minna eða meira?
Finnst ykkur að það hefði mátt eyða minni tíma í eitthvað?
Hvernig þóttu ykkur dæmisögurnar?
Hvernig þóttu ykkur þau verkefni sem þið leystuð í tengslum við námsefnið?
Höfðuð þið veggspjaldakeppni?
Höfðuð þið bekkjarpartí eða hittust utan skóla þar sem þið rædduð efnið?
Finnst ykkur þið geta nýtt ykkur eitthvað af því sem farið var í í tímunum?
Hversu lengi voruð þið í kennslustundum varðandi þetta námsefni?
Hvernig fannst ykkur hópastarfið ganga varðandi námsefnið?

Þekking

Teljið þið að grunnþekking ykkar á ofbeldi í samböndum hafa aukist eftir kennslustundirnar?

Fannst ykkur efnið bæta við þá þekkingu sem þið höfðuð fyrir eða ekki?

Finnst ykkur þetta vera gott eða slæmt forvarnarefni?

Var eitthvað í námsefninu sem kom ykkur á óvart eða ekki?

Fannst ykkur kaflarnir allir jafn þýðingamiklir eða voru einhverjir sem ykkur fannst hefði mátt sleppa?

Viðhorf

Hvað fannst ykkur um námsefnið?

Teljið þið þörf á kennslu af þessu tagi eða finnst ykkur það óþarfi?

Rædduð þið efnið við foreldra ykkar

Finnst þér að foreldrar ykkar hefðu getað verið meiri þátttakendur varðandi kennslu efnisins?

Rædduð þið um efnið við foreldra ykkar?

Sýndu þau efninu áhuga?

Hefðuð þið áhuga á að fá frekari kennslu á svipuðu námsefni aftur og þá hvernig og hvað?

Höfðuð þið einhverjar væntingar til námsefnisins og þá hverjar?